



Fimm vilja leidda lista Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningum í vor. Vilhjálmur Bjarnason, Viðar Guðjohnsen, Áslaug Friðriksdóttir, Kjartan Magnússon og Eyþór Arnalds. Frestur til að lýsa framboði í leiðtogakjöri flokksins rann út í gær. Leiðtogakjörið fer fram 27. janúar næstkomandi. Margir flokkar eru nú í óða önn að undirbúa framboð í borginni og búast má við spennandi kosningabaráttu. Sjá bls. 10. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fréttablaðið í dag

SPORT Væntingarnar fyrir EM í handbolta eru ekki miklar. **24**

MENNING Himnaríki og helvíti á fjöllum Borgarleikhússins. **32**

LÍFIÐ Snorri Helgason var tvö sumur í Galtarvíta.. **42**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FÖGNUM SAMAN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SÆKTU RADDSTYRK Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU



Gagnast gegn hósta, kvefi og þurrki í hálsi.

SAGA MEDICA

SMÁRALIND

ÚTSALA



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Tónlistarkonur orðnar pirraðar

FÉLAGSMÁL „Konur eru bara orðnar svolítið pirraðar á þessu,“ segir þjóðfræðingurinn og tónlistarkonan Auður Viðarsdóttir sem lengi hefur skoðað stöðu kvenna innan tónlistarheimsins. Algengt sé að fólk spyrji tónlistarkonur hver hafi samið tónlistina þeirra.
– gha / sjá síðu 44

Hald lagt á tugi milljóna króna

LÖGREGLUMÁL Íslensk lögreglu-yfirvöld hafa á síðustu tveimur árum lagt hald á tæplega 78 milljónir króna, oftast nær í málum er varða fikniefnaviðskipti. Búast má við að upphæðin verði mun hærri í ár eftir umfangsmiklar aðgerðir sem leiddu til upptöku á hátt í 200 milljónum. – smj / sjá síðu 6

Erlendir túristar skulda Landspítalanum stórfé

Skuldir erlendra einstaklinga án sjúkratryggingar við Landspítala hafa hækkað með auknum straumi ferðamanna. Upphæðir reikninga eru misháar eftir veittri þjónustu. Sjö einstaklingar skulda Landspítalanum samtals 41,5 milljónir.

HEILBRIGDISMÁL Einstaklingar án sjúkratryggingar skulda Landspítalanum tæpar 190 milljónir fyrir meðferð á spítalanum á árunum 2013-2016. Hæsta gjaldfallna krafa spítalans vegna ótryggðs sjúklings er tæpar 8,4 milljónir króna. Þetta kemur fram í svari fjármálasviðs Landspítalans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Langstærstur hluti milljónanna 190 er til kominn vegna erlendra ríkisborgara en komur þeirra á spítalann hafa nærri þrefaldast frá árinu 2013. Þannig komu 1.053 ótryggðir erlendir einstaklingar á spítalann árið 2013 en síðustu tvö ár hafa þeir verið um

190

milljónir króna standa út af í reikningum Landspítalans vegna skulda einstaklinga frá árunum 2013 til 2016.

2.700. Langflestir leita til spítalans í júlí og ágúst.

„Með fjölgun ferðamanna hefur komum og legum ósjúkratryggðra fjölgað undanfarin ár. Staðgreiðslu-

hlutfall þeirra á brádamóttöku er um 66 prósent, en mun lengri tíma tekur að fá legureikninga greidda, enda eru tryggingafélög oft greiddur í þeim tilvikum,“ segir í svarinu.

Eðli málsins samkvæmt eru kröfurnar misháar eftir því hve mikla þjónustu viðkomandi fékk. Þar spila inn í aðgerðir, kostnaður vegna lyfja og lega á gjörgæslu eða öðrum deildum spítalans. Hæsta skuld einstaklings við spítalann, í október 2017, nam 8,4 milljónum króna en næsthæsta krafan var upp á 7,7 milljónir. Samtals eru sjö hæstu kröfur spítalans á hendur einstaklingum 41,5 milljónir króna. – joe / sjá síðu 4


SKRAUT FYRIR ÁRSHÁTÍÐIR

Finndu okkur á



Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Vaxandi suðaustanátt í dag. Hvasviðri eða stormur með rigningu síðdegis og í kvöld, fyrst suðvestan til á landinu. Búist er við mikilli rigningu suðaustanlands um kvöldið.

SJÁ SÍÐU 28



KSÍ kann vel að meta Tólfuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tíu tólfur fá frítt til Rússlands

ÍPRÓTTIR Stjórn KSÍ samþykkti einróma á stjórnarfundum sínum á þriðjudag að sambandið myndi borga fyrir tíu úr stuðningsmannahópi Tólfunnar til að styðja við íslenska landsliðið í knattspyrnu á meðan Heimsmeistaramótið í Rússlandi fer fram.

„Við gerum okkur grein fyrir hvað Tólfan gegnir mikilvægu hlutverki fyrir hinn almenna stuðningsmann,“ segir Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ.

Klara segir að fulltrúar KSÍ fundi í dag með forsvarsmönnum Tólfunnar til að útfæra samkomulagið.

„Við eigum eftir að fá frekari upplýsingar frá Rússlandi um stuðningsmannasvæðin eða Fan Zone og samkomulagið mun því eitthvað taka mið af því hvernig þetta verður allt saman,“ segir Klara.

Í aðdraganda Evrópumótsins í Frakklandi fóru nokkrir forsvarsmenn Tólfunnar til Frakklands til að sitja fundi með öðrum stuðningsmannasvæðum þar sem línurnar voru lagðar. Klara segir að samkomulagið nái ekki til þess heldur aðeins mótsins sjálfs sem hefst eins og flestir vita 16. júní þegar leikið verður gegn Lionel Messi og félagnum í landsliði Argentínu.

„KSÍ mun allavega greiða fyrir tíu tólfur og þeir þurfa að meta hve marga trommuleikara og annað þarf á hvern leik. Það er ekki mitt að meta,“ segir Klara. – bb

Klifurköttum fjölga ört



„Við höfum klárlega fundið fyrir mikilli aukningu og sífellt fleiri eru að koma til að klifra hjá okkur,“ segir Benjamín Mokry, framkvæmdastjóri Klifurhússins. Íþróttafélagið flutti fyrir fjórum árum í nýtt 800 fermetra húsnæði í Ármúla sem Benjamín segir hálfpartinn sprungið utan af starfsemi. Erfitt sé að finna fullkomnið athvarf fyrir klifur. Það þyrfti helst að vera um 1.000 fermetrar og með 12 metra lofthæð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvær handtökur vegna fíkniefna

LÖGREGLUMÁL Tveir íslenskir karlmenn á þritugsaldri voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í fyrradag vegna gruns um innflutning á talsverðu magni af fíkniefnum.

Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Sérsvait ríkislögreglustjóra fylgdi lögreglunni á mánudag á tvo stöðum þar sem mennirnir voru handteknir. Samkvæmt frétt Stöðvar 2 var annar handtekinn á veitingastaðnum Hvíta riddaranum í Mosfellsbæ.

Á svipuðum tíma réðst sérsvait ríkislögreglustjóra inn í húsnæði Skáksambands Íslands í Faxafeni og handtók mann sem var þar innandyra.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglu, segir talið að starfsmenn Skáksambandsins tengist ekki málinu. – gar

Fjölskylda úr eldsvoða í hússaskjól hjá verktaka

Verktakafyrirtæki í Mosfellsbæ lánar fjölskyldunni sem missti allt sitt í bruna í Mosfellsbæ hús til að búa í næstu mánuði. Stefnir að því að flytja inn í dag. Söfnun fyrir fjölskylduna gengur vel. Enn vantar þó húsbúnað og húsgögn.

SAMFÉLAG Verktakafyrirtæki í Mosfellsbæ hefur skotið skjólshúsi yfir fjölskylduna sem missti allt sitt þegar timburhús hennar, Reykjabraut í Mosfellsbæ, brann til kaldra kola aðfaranótt þriðjudags.

Fjölskyldan hefur búið á gistiheimili frá því hún voru útskrifuð af sjúkrahúsi. Vonir standa til að þau geti flutt strax í dag í einbýlishús sem verktakafyrirtækið lánar fjölskyldunni tímabundið á meðan leitað er að varanlegu húsnæði fyrir hana. Þetta staðfestir Nanna Vilhelmsdóttir, nágrenni þeirra, sem hóf söfnun á nauðsynjum fyrir fjölskylduna, í samstarfi við Rauða krossinn í Mosfellsbæ.

„Söfnunin hefur gengið framram vonum,“ segir Nanna en hún var í húsi Rauða krossins í þverholti í gær og tók á móti gjöfum til fjölskyldunnar.

„Núna þurfum við að heyra aftur í því fólki sem var að bjóða húsbúnað og húsgögn en ég afþakkaði allt slíkt í gær,“ segir Nanna og segist ekki hafa þorað að taka við húsgögnum og húsbúnaði enda ekki legið fyrir hve fljótt húsnæðisvandi fjölskyldunnar leystist. Hún lýsir ánægju með að húsnæði hafi fundist jafn fljótt og raun ber vitni.

Nanna segir að börnin hafi þegar fengið vilyrði fyrir kojum en hjónin vanti rúm og elsta soninn sem er um títugt vanti einnig rúm. „Svo vantar auðvitað bara allt til heimilishaldsins. Það er búið að bjóða potta- og hnífasett en þau eru auðvitað allslaus að mestu.“

Nanna segir að börnin séu orðin býsna vel útbúin í bili með fatnað og



Hús fjölskyldunnar brann til grunna aðfaranótt þriðjudags. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Núna þurfum við að heyra aftur í því fólki sem var að bjóða húsbúnað og húsgögn en ég afþakkaði allt slíkt í gær.

Nanna Vilhelmsdóttir, nágrenni brunafjölskyldunnar í Mosfellsbæ



þess háttar en enn þá vanti mjög föt á karlmennina.

Þá hefur fjölskyldan einnig fengið framlög í formi gjafakorta

og inneigna í matvöruverslunum og Nanna segir þessar gjafir nýttast afar vel. Aðspurð segir hún slíkar gjafir allar vera frá einstaklingum. En þó eru líka fyrirtæki að láta af hendi rakna. Þannig fái fjölskyldan bæði síma og spjaldtölvur frá fyrirtækjum.

Nanna verður í húsi Rauða krossins eftir hádegi í dag og tekur á móti framlögum og gjöfum til fjölskyldunnar.

Hjónin sjálf eru yfir sig þakklát fyrir allan stuðninginn. Að sögn fjölskylduvinar sem Fréttablaðið ræddi við vilja þau koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa stutt þau og ekki síst mikinn andlegan stuðning sem þau hafa fengið frá foreldrum, vinum og vandamönnum.

adalheidur@frettabladid.is



Amadeus borðstofuhúsgögn

Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opið virka daga
11-18
laugardaga
11-15




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FYRIR ÁST ÞÍNA Á

AYGO



TVEGGJA ÁRA ÞJÓNUSTUPAKKI FYLGIR

Verð frá: 1.680.000 kr.

Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár. Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Skipstjóri á Jökulsárlóni dæmdur fyrir manndráp af gáleysi

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var í gær dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi.

Maðurinn stýrði hjólabát sem bakkað var yfir kanadíska ferðakonu við Jökulsárlón sumarið 2015 með þeim afleiðingum að konan lést.

Að auki var maðurinn sviptur ökuréttindum í sex mánuði og dæmdur til að greiða allan sakar-

kostnað, um tvær milljónir króna.

Saksóknari málsins hafði farið fram á þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og tíu mánaða sviptingu ökuréttinda. Ekki liggur fyrir hvort saksóknari eða hinn sakfelldi muni una dómnum.

Dómurinn hafði ekki verið birtur þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Í ákæru í málinu var stjórnandi bátsins sakaður um að hafa ekki sýnt af sér nægilega

aðgæslu með fyrrgreindum afleiðingum.

Við aðalmeðferð fyrir dómi bar skipstjórinn því við að hann hefði ekki getað sýnt af sér meiri aðgát við aksturinn og undir það tók samstarfsfólk mannsins. Bakkmyndavél bátsins var biluð daginn sem slysið varð.

Dómurinn var kveðinn upp af Héraðsdómi Austurlands í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur. – jõe



Hjólabátasigling á Jökulsárlóni er vinsæl meðal ferðafólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tólf voru fluttir með þyrlu Landhelgisæslunnar á Landspítalann.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Enn á gjörgæslu eftir rútuslysið

SLYS Einn kínverskur ferðamaður liggur enn á gjörgæslu Landspítalans eftir rútuslysið við Kirkjubæjarklaustur. Einn liggur á almennri legudeild. Einn fyrst í slysinu.

Slysið varð þann 27. desember síðastliðinn með þeim hætti að rúta fór út af hringveginum um sex kílómetra frá Kirkjubæjarklaustri. Í bílnum voru 44 kínverskir ferðamenn auk íslensks bílstjóra.

Alls voru tólf manns flutt á Landspítalann með þyrlum Landhelgisæslunnar, þar af níu alvarlega slösuð. Tíu hinna slösuðu hafa nú verið útskrifaðir af spítalanum. – jõe

Krefja BuzzFeed um skaðabætur

BANDARÍKIN „Nú er nóg komið af þessu upplogna Rússapluggi,“ segir í tísti frá Michael Cohen, lögfræðingi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sem höfðaði í fyrrinótt mál gegn rannsóknafyrirtækinu Fusion GPS og gegn fjölmiðlinum BuzzFeed. Málin snúast um rannsóknarskjöl frá Fusion GPS sem BuzzFeed birti fyrir ári, þó með þeim fyrirvara að það sem í þeim stæði væri óstaðfest.

Skjölín fjalla um Trump og segir meðal annars í þeim að Rússar búi yfir myndefni þar sem hann sést sænga hjá vændiskonum. – þea

Þreföldun á fimm ára tímabili

Viðskiptakröfur Landspítalans vegna ferðamanna án sjúkratryggingar námu minnst 725 milljónum á síðasta ári. Flestir leita til spítalans í júlí og ágúst en innlögnum yfir vetrarmánuðina hefur fjölgað mikið.

HEILBRIGÐISMÁL Innlagnir erlends fólks án sjúkratryggingar á Landspítalanum voru ríflega þrefaldt fleiri í fyrra en árið 2013. Jöfn og þétt aukning hefur verið undanfarið ár. Hlutfallið helst í hendur við komur sama hóps á spítalann en þær hafa tæplega þrefaldast á sama tímabili.

Sömu sögu er að segja af upphæð viðskiptakrafna spítalans vegna ótryggðra á tímabilinu. Árið 2013 námu kröfurnar rúmlega 261 milljón en árið 2016 var upphæðin tæpar 566 milljónir. Um áramótin síðustu námu kröfur vegna ársins 2017 tæpum 725 milljónum en sú upphæð mun hækka þar sem enn á eftir að gefa út einhverja reikninga fyrir síðustu vikur ársins.


„Staðgreiðsla er misjöfn eftir deildum, en að meðaltali er hún um 80 prósent,“ segir í svari fjármálasviðs spítalans. Verði ekki af staðgreiðslu er krafa stofnuð í netbanka en sé hún ekki greidd er gripið til frekari innheimtuáðgerða. Ekki liggur fyrir hver kostnaður er við innheimtu þessara krafna en „gera má ráð fyrir að vinna fjármálasviðs vegna þessarar aukningar hafi aukist um hálf til eitt stöðugildi“.

Kostnaður við innheimtu skuldanna liggur ekki fyrir. Komugjöld eru innheimt á um tuttugu stöðum víðsvegar á spítalanum og þeir starfsmenn, auk starfsmanna fjármálasviðs, sinna að auki ýmsum öðrum störfum. Því þyrfti að reikna út beinan launakostnað, kostnað við tölvukerfi auk annars kostnaðar sem til fellur við verkin.


„Þessi innheimta er lögbundin samkvæmt reglugerðum sem velferðarráðherra setur og það hefur ekki verið talin þörf á að leggja í þá vinnu að kostnaðargreina hana sérstaklega,“ segir í svari spítalans.

Langflestir erlendir ferðamenn leita til spítalans í júlí og ágúst en september fylgir þar á eftir. Í takt

Komur ótryggðra erlendra einstaklinga



Kröfur Landspítalans vegna ótryggðra erlendra



*Upphæð ársins 2017 mun hækka þar sem eftir er að gefa út reikninga.

Vinna fjármálasviðs spítalans hefur aukist um að einu stöðugildi vegna aukningarinnar

við auknar heimsóknir ferðamanna yfir vetrarmánuðina má einnig sjá að komum hefur fjölgað stöðugt í nóvember, desember og janúar.

Þeim sem leggast inn á spítalann hefur einnig fjölgað. 133 ótryggðir erlendir einstaklingar lögðust inn á spítalann árið 2013 eða um þrettán prósent þeirra sem þangað leituðu. Árið 2016 var fjöldinn 361 og 436 í fyrra eða rúmur fimmtungur þeirra sem þangað leituðu.

„Mun lengri tíma tekur að fá legu-reikninga greidda, [heldur en staðgreiðslukröfur], enda eru tryggingafélög oft greiðendur í þeim tilfellum,“ segir í svari spítalans.

johannoli@frettabladid.is

Nilfisk

NILFISK er nauðsyn á heimilið



Nilfisk fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10. Þetta danska vörumerki þekkja flestir enda gæðaryksugur sem hafa þjónað íslenskum heimilum dyggilega í áratugi. Komdu og skoðuðu Nilfisk ryksugurnar og úrvalið af fylgihlutum, hausum, börkum og ryksugupokum.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 9–18.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is



REKSTRARLAND

Rekstrarland er hluti af Olís

Nýr áfangastaður 2018

FÁÐU BYR Í SEGLIN Í BALTIMORE



Siglingar, saga og sjarmi

Baltimore er heillandi hafnarborg. Hún er ein elsta borg Bandaríkjanna, full af byggingum á minjaskrá og sögufrægum skipum sem prýða höfnina. Njóttu þess að skoða gömlu húsin í Mount Vernon eða röltu um við höfnina í Fell's Point þar sem kaffihús, veitingastaðir og antikverslanir eru á hverju strái.

Fyrsta flug til Baltimore verður 28. maí og flogið verður fjórum sinnum í viku.

ICELANDAIR



Engin hefðbundin námskrá verður í nýjum lýðháskóla á Flateyri

FLATEYRI „Eftir mikið undirbúningsstarf fólks í sjálfboðavinnu þá erum við komin á þann stað að við eigum möguleika á að fara af stað með skólann í haust,“ segir Helena Jónsdóttir framkvæmdastjóri Lýðháskólans á Flateyri.

Helena segir að í fyrstu verði ein eða tvær námsbrautir með tuttugu til fjörutíu nemendum. „Það var stofnað félag um þetta fyrir ári og Flateyringar sýndu þessu mikinn áhuga. Svo fyrir nokkrum mánuðum fékkst vilýrði fyrir að fá styrk

til að ráða framkvæmdastjóra,“ segir Helena. Mikil bjartsýni ríki um verkefnið.

„Við reiknum með að námið verði tvær annir, en höfum ekki útilokað að fólk geti komið í hálf ár. Svo verður þetta keyrt í lotum, það verður engin hefðbundin námskrá. Námsbrautirnar munu snúast um tónlist, kvikmyndagerð og svo umhverfi og náttúruna. Þá ekki bara náttúruna til að leika sér og skoða heldur líka hvernig hægt er að vinna úr auðlindum hennar eins

og tíðkast hefur á svæðinu,“ útskýrir Helena.

Á svæðinu er mikil tónlistarsköpun og mikil gróska í kvikmyndagerð og við munum nýta þá krafta sem þar eru,“ segir Helena. Skólinn verði lyftistöng í báðar áttir.

„Fólk kemur vestur, lærir og skemmtir sér og hugsanlega vilja einhverjir setja eitthvað af stað og jafnvel setjast að þarna. Svo geta Vestfirðingar miðlað sinni þekkingu áfram þannig að áhrifin geta verið margþætt,“ segir Helena. – aig



Helena Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lýðháskólans á Flateyri, segir marga koma að stofnun skólans. MYND/ FÉLAG UM STOFNUN LÝÐHÁSKÓLA Á FLATEYRI



Helmingurinn borðar lambið

VIÐSKIPTI Rúmur helmingur erlendra ferðamanna sem hingað koma, eða 54 prósent, borðar íslenskt lambakjöt. Þetta sýnir könnun Gallup fyrir markaðsstofuna Icelandic Lamb.

Helmingur ferðamanna borðar lambakjöt á veitingastöðum en 13 prósent borða lambakjöt sem keypt er í búð. Því er nokkuð ljóst að einhver skörun er á milli þessara hópa. Líkur á að ferðamenn borði íslenskt lambakjöt aukast eftir því sem þeir dvelja lengur á landinu. – jhh

Virkjun Hvalár breytir engu um raforkuöryggi

UMHVERFISMÁL Meira en tífalda má raforkuöryggi á Vestfjörðum með því að setja hluta Vesturlínu og fleiri línur á sunnanverðum Vestfjörðum í jörð. Virkjun Hvalár eykur raforkuöryggið þar ekkert.

Þetta er niðurstaða ráðgjafarvirkisins METSCO Energy Solutions sem vann skýrslu um raforkuöryggi á Vestfjörðum fyrir Landvernd.

Framkvæmdastjóri og starfandi formaður Landverndar afhentu í gær Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skýrsluna.

Vesturlína samanstendur af Geiradalslínu 1, Mjólkarlínu 1 og Glerárskógarlínu 1 og liggur frá Hrútafirdi til Mjólkárirkjunar. Línan er rekin á 132 kílóvolta spennu. Um hana fer allur raforkuflutningur til Vestfjarða. – jhh

Hundrað milljóna í ríkissjóð frá skipulagðri brotastarfsemi

Fjármunir sem gerðir eru upptækir renna beint í ríkissjóð. Ríkið hagnaðist um tæplega hundrað milljónir króna á síðustu tveimur árum og búast má við að upphæðin verði mun hærri í ár. Betur má ef duga skal, segir lögregla, sem ætlar á þessu ári að leggja meiri áherslu á að uppræta skipulagða brotastarfsemi.

LÖGREGLUMÁL Íslensk lögreglu-yfirvöld hafa á síðustu tveimur árum haldlagt tæplega 78 milljónir króna, oftast nær í málum er varða fikniefnaviðskipti. Búast má við að upphæðin verði mun hærri í ár eftir umfangsmiklar aðgerðir hér á landi sem leiddu til upptöku á hátt í 200 milljónum króna. Haldlagðir fjármunir renna beint í ríkissjóð eftir að dómur þess efnis fellur.

Lögreglan lagði hald á rúmlega 50,4 milljónir króna í niutíu málum árið 2016 og um 27 milljónir króna í 87 málum í fyrra. Oftast er um að ræða fikniefnamál, en einnig fólksunarmál auk annarra fjárvikamála. Inni í þessum tölum eru ekki þeir fjármunir sem gerðir voru upptækir í Euro Market-málinu svokallaða, en þeir eru taldir nema um 200 milljónum íslenskra króna. Inni í þeim eru húseignir og hlutir í fyrirtækjum, svo fátt eitt sé nefnt.

Grimur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar, segir að mikil áhersla sé lögð á að uppræta skipulagða brotastarfsemi. Hins vegar megi alltaf betur fara og að hafin sé vinna við að breyta verkferlum innan lögreglunnar.

„Ég get ekki sagt að við séum ánægð með þennan árangur, því við teljum að það sé meiri afrakstur af skipulagðri brotastarfsemi en svo að við náum nema litlu broti af henni. Og það er það sem við viljum gera – að ná afrakstrinum. Við erum að breyta skipulagi okkar þannig að við getum náð betri árangri í þessum efnun,“ segir hann.

Tveir pólskir karlmenn eru í



Lögreglan lagði á dögunum hald á hátt í 200 milljónir króna, sem gætu runnið í ríkissjóð á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

50,4

milljónir í 90 málum árið 2016.

gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að alþjóðlegum glæpasamtökum sem talin eru hafa stundað peningabætti á Íslandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru mennirnir tveir eigandi og framkvæmdastjóri smávöruslunarinnar Euro Market í Hamraborg og eru grunaðir um

skipulagða glæpastarfsemi, fikniefnainnflutning, peningabætti og fjárvik. Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn rennur út í vikulok en ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort farið verði fram á áframhaldandi varðhald. Fjölmargir hafa verið yfirheyrðir í tengslum við málið á undanföllum vikum og rannsókn þess ólokið.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu eru fjármunir sem gerðir eru upptækir samkvæmt dómi ekki eyrna-merktir. Hins vegar séu tvær undantekningar; ef um er að ræða fiskveiðilagabrot rennur andvirði afla

Við teljum að það sé meiri afrakstur af skipulagðri brotastarfsemi en svo að við náum nema litlu broti af henni.

Grimur Grímsson



og veiðarfæra í landhelgissjóð, og ef maður hefur hlotið tjón af broti geti uppteknu fé verið ráðstafað til hans. sunnak@frettabladid.is

ÚTSALAN STENDUR TIL 14. JAN



21% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 264.990

209.995

SAMSUNG 65" SNJALLSJÓNVARP UHD UE65MU6475XXC



20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 99.990

79.995

LG DVOTTAVÉL F14AW9S2



17% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 119.990

99.994

ACER FARTÖLVA ACNXGNEU008



27% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 10.995

7.995

BEURER NUDDTÆKI BEURMG150



Salatbar
alltaf ferskur

Meira fljótlegt

Pasta og núðlur:

- Pasta rautt
- Pasta hvítlauks
- Pastaskrúfur í villisveppasósu
- Pasta með sólpurrkuðum tómötum
- Pasta með basilpestó
- Núðlur í súrsætri sósu

Salat:

- Spínat
- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettsalat
- Romain salat

Grænmeti:

- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaukur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál
- Sæt kartöflumús
- Blómkálssalat
- Mangó hrásalat
- Asíublanda
- Rótargrænmeti
- Maíssalat
- Ferskt salsa

Prótein:

- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon
- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur



Salatbar

Alltaf ferskur

1.799 kr/kg



Ferskur ananas

Hefur þú séð ananasvélina í Kringlunni?

349 kr/kg



Bláber

500 g

1.499 kr/pk



Pomelos

Frískandi vítamínbomba

399 kr/kg

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Ekki þarf að stansa til að aka um Vaðlaheiðargöng

SAMGÖNGUMÁL Greiðsla fyrir að aka um Vaðlaheiðargöngin verður rafræn og mun þar af leiðandi engin mönnuð stöð vera við annan enda ganganna til að rukka öku-menn. Hægt verður að kaupa miða í gegnum göngin á netinu eða í appi í snjalltækjum. Þeir sem greiða ekki en fara um göngin fá sendan greiðsluseðil.

Þessi háttur er viðhafður erlendis með góðum árangri, til að mynda í Færeyjum, svo tæknin er til staðar. Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir þessa tilhögun ekki erfiða í framkvæmd. „Þetta verður þannig að þú kaupir aðgang í göngin á netinu og því mun umferðin ekki stöðvast við annan enda ganganna til að taka við greiðslu. Einnig er þessi leið ódýrari og því munu sparast fjárhæðir hvað þetta varðar,“ segir Valgeir.

Framkvæmdum hefur seinkað töluvert við göngin. Vonir stóðu til að ná sumarumferðinni í ár en nú er ljóst að það mun ekki takast. „Við



Hægt verður að kaupa miða í göngin á netinu. Góð lausn að mati forsvarsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

erum að horfa til þess á þessum tímapunkti að opna í haust,“ segir Valgeir. „Nú er unnið á fullu að mörgum verkþáttum svo vonandi mun þetta ganga vel fram á sumar.“ – sa



Fasteignaviðskiptum þar sem keypt er yfir ásettu verði hefur fækkað hratt síðan í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fasteignasalar sjá ekki lægra verð í kortunum

Íbúðalánasjóður segir að í ljósi sögunnar geti sumir nú verið varir um sig eftir að fasteignaverð lækkaði í nóvember og um 78 prósent íbúða seldust undir ásettu verði. Fasteignasalar spá verðhækkunum en auknu jafnvægi.



Kjartan Hallgeirsson.

VÍDSKIPTI „Það er ekkert sem bendir til þess að fasteignaverð muni lækka enda hafa vextir lækkað og kaupmáttur að aukast,“ segir Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala (FF), um þær tölur sem birtast í nýrri mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs um þróun húsnæðismarkaðarins.

Í skýrslunni segir að sumir geti orðið varir um sig í ljósi sögunnar eftir að 0,7 prósent lækking varð á fasteignaverði í nóvember síðastliðnum. Það hafi verið í fyrsta skipti síðan í júní 2014 sem verð á fjölbýli og sérþýli lækkaði milli mánaða. Sex mánaða hækkun íbúðaverðs sé nú aðeins 1,8 prósent og hækkunartakturinn minnkað mikið síðan í sumar.

Einnig er bent á að þinglýstum kaupsamningum um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 16 prósent í desember miðað við mánuðinn á undan og 20 prósent miðað við sama mánuð 2016.

„Þessi 0,7 prósent lækking er mjög óveruleg og segir ekki til um að markaðurinn sé á niðurleið heldur sé þetta allt að ná jafnvægi með minniháttar sveiflum eftir að hann ofreis um síðustu páska. Árið lítur vel út með auknu framboði á nýbyggingum og okkar reynsla er sú að það hefur alltaf ruðningsáhrif og aðrir losa sig við eignir og markaðurinn kemst í eðlilega hringrás,“ segir Kjartan.

„Þetta hefur einkennst af meira jafnvægi og framboði og eðlilegri markaði. Þessar tölur sýna hvað er að seljast yfir ásettu verði og er eðlilegt hlutfall að mínu mati,“ segir Kjartan en í skýrslunni kemur fram að um 78 prósent íbúða hafi selst undir ásettu verði í nóvember.

Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali hjá Híbýlum og fyrrverandi formaður FF, tekur undir með Kjartani og spár að verð muni hækka.

„Þessir mánuðir sem þarna er um að ræða eru einmitt þeir rólegustu á árinu. Núna á nýju ári finn ég strax að markaðurinn er að taka allvel við sér en hins vegar er það fagnadarefni að það hægist að einhverju leyti á honum því ástandið í byrjun árs í fyrra með þeim hækkunum var ekki gott,“ segir Ingibjörg. haraldur@frettabladid.is

Jón Páll rekinn úr leikhúsinu

MENNING Jóni Páli Eyjólfssyni, fráfandi leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar, var sagt upp störfum á þriðjudag og þess krafist að hann hætti samstundis. Samkvæmt yfirlýsingu Menningarfélags Akureyrar (MAK) ríkti ekki lengur traust á störfum hans hjá félaginu.

Jón Páll staðfesti í gær að uppsögnin tengist #metoo-byltingunni. Um sé að ræða atburð sem varð fyrir áratug og ekki innan leikhússins. Unnið hafi verið að sattu í



Jón Páll Eyjólfsson.

málinu síðastliðin fimm ár. Segir Jón Páll hafa gert framkvæmdastjóra MAK grein fyrir málinu um leið og #metoo-vakningin fór af stað. – hg

Orlofshús í sumar

Byggiðn – Félag byggingamanna óskar eftir vönduðum sumarhúsum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Heitur pottur er skilyrði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á palmi@samidn.is fyrir 25. janúar 2018. Nauðsynlegt er að góð lýsing sé og ljósmýndir af eigninni svo sem stærð, fjöldi svefnplássu og staðsetning. Einnig að lýsing á umhverfi fylgi með t.d. möguleikum til útivistar og afþreyingar. Öllum tilboðum verður svarað.

Viltu leggja þitt af

mörkum í starfi VR?

Uppstillinganefnd VR óskar eftir frambjóðendum til trúnaðarráðs VR. Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda erindi á netfangið uppstillinganefnd@vr.is fyrir kl. 12:00 á hádegi þann 19. janúar nk.

Í samræmi við lög VR óskar uppstillinganefnd eftir frambjóðendum til að skipa lista stjórnar og trúnaðarráðs vegna listakosningar um trúnaðarráð í félaginu.

Uppstillinganefnd stillir upp lista til trúnaðarráðs sem endurspeglar félagið eins og mögulegt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Hlutverk trúnaðarráðs VR er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins, svo sem við gerð kjarasamninga og stærri framkvæmdir.

Uppstillinganefnd VR



FRUMSÝNT Í KVÖLD

Himnaríki og helvíti

BYGGT Á ÞRÍLEIK EFTIR JÓN KALMAN STEFÁNSSON



Helstu leiðtogaeefnin í Reykjavíkurborg

Stjórnmalaflokkarnir leita nú að framboðsefnum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Endurnýjun verður mismikil innan flokka í borginni. Engin endurnýjun er í kortunum hjá Samfylkingunni en nýr leiðtogi gæti tekið við hjá Sjálfstæðisflokki og Pírötum.

STJÓRN MÁL Línur eru langt frá því skýrar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Fjórtán flokkar íhuga að bjóða fram lista í Reykjavík og margir þeirra funda í kringum næstu mánaðamót til að ákveða hvernig raðað verði á lista. Leiðtogakjör Sjálfstæðismanna fer fram 27. janúar næstkomandi. Í framboði verða borgarfulltrúarnir Áslaug Friðriksdóttir og Kjartan Magnússon, Eyþór Arnalds, kaup-sýslumaður og fyrrverandi oddviti Sjálfstæðismanna í Árborg, Vilhjálmur Bjarnason fyrrverandi alþingismaður og Viðar Guðjohnsen athafnamaður.

Margir vilja einnig fram fyrir Pírata. Fjórir Píratar staðfestu við Fréttablaðið að þau hygðu á framboð til forystu; Alexandra Briem, Arnaldur Sigurðsson, Svafar Helgason og Þórlaug Ágústsdóttir. Halldór Auðar Svansson hyggst ekki gefa aftur kost á sér.

„Það er mikill áhugi á framboði í borginni í stórum hópi kvenna,“ segir Sóley Tómasdóttir aðspurð um kvennahópinn sem hittist á dögum til að ræða kvennaframboð. Sjálf útilokar Sóley ekki framboð, verði af því að konurnar bjóði fram lista.

Þótt Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hafi sagt sig úr Framsóknarflokknum er hún enn í fullu fjöri og ekki á því að setjast í helgan stein. Hún útilokar þó framboð með bæði Miðflokki og Framsókn en segist hafa rætt málin með baklandi sínu og yfirlýsingar sé að vænta frá sér í lok mánaðarins. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi og Miðflokkskona, ætlar hins vegar að snúa sér að lögmennsku að loknu yfirstandandi kjörtímabili.

Þá er Ingvar Mar Jónsson, flugmaður og formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur, sagður stefna á oddvitasæti Framsóknar í borginni.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leitar Viðreisn nú samstarfs við önnur frjálslynd öfl á sveitarstjórnarstigunni og hafa óformleg samtöl farið fram milli forsvarsmanna Viðreisnar og Bjartrar framtíðar um samstarf. Björt framtíð er mikill borgarflokkur og hefur allt frá stofnun verið í meirihlutasamstarfi í borginni. Fyrst undir merkjum Besta flokksins og núna í meirihlutasamstarfi með Samfylkingu, Vinstri grænum og Pírötum.

Lif Magneudóttir vill leiða lista VG í borginni. Hún segir meirihlutasamstarfið hafa gengið vel og bindur vonir við að það haldi áfram eftir kosningar. Aðspurð um afstöðu til samstarfs með Viðreisn segist Lif alls ekki vilja útiloka samstarf, þrátt

Þessi hafa ákveðið sig eða íhuga framboð í borginni

Fimm verða í kjöri í leiðtogakjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og fjögur íhuga að bjóða sig fram til forystu fyrir Pírata. Færri nöfn eru komin fram fyrir aðra flokka. Minnst tólf flokkar íhuga að bjóða fram lista. Dagur B. Eggertsson og Lif Magneudóttir eru einu oddvitarnir sem gefa aftur kost á sér til forystu.



Áslaug Maria Friðriksdóttir



Eyþór Arnalds



Kjartan Magnússon



Viðar Guðjohnsen



Vilhjálmur Bjarnason

Á ÚTLEIÐ: Halldór Halldórs-son



Dagur B. Eggertsson



Lif Magneudóttir



Alexandra Briem



Arnaldur Sigurðarson



Svafar Helgason



Þórlaug Ágústsdóttir

Á ÚTLEIÐ: Halldór Auðar Svansson



Ingvar Mar Jónsson

Á ÚTLEIÐ: Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir



Sóley Tómasdóttir



Maria Rut Kristinsdóttir



Pawel Bartozek



Nicole Leigh Mosty

Á ÚTLEIÐ: Björn Blöndal

Önnur Framboð



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir



Ekkert efni komið fram



Ekkert efni komið fram

Borgarbúar hætti að borga fyrir aumingjavæðingu

Leigusalinn og athafnamaðurinn Viðar Guðjohnsen er sjálf sagt lengst til hægri af þeim sem sækjast eftir oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann leggur þunga áherslu á að skattgreiðendum sé ekki sendur reikningurinn vegna afleiðinga þess sem hann kallar „aumingjavæðingu“ í samfélaginu.

fyrir að VG hafi ekki verið jákvætt fyrir samstarfi við Viðreisn í landsmálunum.

Samfylkingin mun líklega bjóða fram óbreyttan lista eða því sem næst, enda gefa allir sitjandi borgarfulltrúar kost á sér aftur með Dag B. Eggertsson í forystu.

Miðflokksmenn eru einnig harðákveðnir í að bjóða fram og hyggjast stofna Reykjavíkurfélag í lok mánaðarins. Þá stefna bæði Alþýðufylkingin og Flokkur fólksins að framboði í borginni. Dögun er enn að íhuga málið.

„Það sem hræðir mig núna er að Reykjavík ráði ekki við fjármál sín. Jafnaðarmenn vilja alltaf vera ofan í vösum annarra, ræna skattborgarann. Með miðstýringu vilja þeir hjálpa öllum. Það er ekki nóg að vera góður við alla og taka helst að sér allan heiminn. Þetta hugarfar jafnaðarmanna mun koma okkur í koll og er

þegar byrjað að gera það. Ég verð bara að segja það að þessi undirlægjuháttur er farinn að smita og heltaka Sjálfstæðisflokkinn sem á að gera út á frelsi einstaklingsins og að hann fái að njóta sín. Það vantar góðan leiðtoga með þessa sýn. Einhvern sem getur gert Sjálfstæðisflokkinn eins og hann á að vera.“ – þþ

14

flokkar íhuga að bjóða fram lista í borginni í næstu sveitarstjórnarkostningum.

Borgarfulltrúum verður fjölgað í vor úr 15 í 23 eftir lagabreytingu. Breytingin hefur í för með sér að flokkarnir þurfa að bjóða fram lista



Það er mikill áhugi á framboði í borginni í stórum hópi kvenna.

Sóley Tómasdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Vinstri grænna.

» Borgarfulltrúum verður fjölgað í vor úr 15 í 23 eftir lagabreytingu. Breytingin hefur í för með sér að flokkarnir þurfa að bjóða fram lista með 46 frambjóðendum.

með 46 frambjóðendum. Ætla má að það geti reynst sumum af minni flokkunum erfitt að fylla listana en verði fjórtán flokkar í framboði

þýðir það að á sjöunda hundruð manna verði á framboðslistum fyrir kosningarnar. adalheidur@frettabladid.is

Vélstjórinn á Herjólfu fær ekki prókjör í Eyjum

PRÓFKJÖR Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum felldi í gær tillögu um að valið yrði á framboðslista flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar með prófkjöri. Kosid var tvisvar og var tillagan felld í bæði skiptin.

Elis Jónsson, vélstjóri á Herjólfu, er einn þeirra sem var mjög áfram um prófkjör og var hann mjög vonsvikinn eftir fundinn. Svo mjög að hann lýsti yfir framboði í prófkjöri flokksins áður en lá ljóst fyrir að af prófkjöri yrði.

„Bæjarstjórinn hefur sagst vera til í allt en það er eins og hugur fylgi ekki máli þar sem hann hefur ekki svarað áskorunum um að efnt verði til prófkjörs,“ segir Elis.

„Það er smá óánægja í gangi sem skýrist af því að afmarkaður hópur fólks er að þrjúkast við að halda prófkjör sem er að visu hin lýð-



Elis Jónsson

ræðislega leið sem almennt er farin hjá Sjálfstæðisflokknum og í raun er alveg einstakt að þetta hafi ekki verið gert í Eyjum síðan 1990.“

Elis segist telja vist að bæjarbúar vilji flestir prófkjör en vill ekki ganga svo langt að segja að í framboði hans felist vantraust á Elliða. „Hann hefur ekki nokkurn skapádan hlut að hræðast við þetta og þetta er albesta leiðin fyrir hann til að fá þá endurnýjad umboð.“

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur verið oddviti Sjálfstæðisflokksins í tólf



Sjálfstæðismenn í Eyjum verða ekki með prófkjör. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ár. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið áður en atkvæði voru greidd um prófkjör að yfirlýsing Elísar breyttu engu hvað hann varðaði.

„Það er öllum frjálst að gefa kost á sér ef af prófkjöri verður. Fólk

þekkir mín störf og ég hef gefið út yfirlýsingu um að ég gefi kost á mér áfram, óháð því hvernig valið verður á lista. Það stendur og að öðru leyti hef ég ekkert um orð þessa annars ágæta manns að segja.“ – þþ

KRÓNAN

Krónan mælir með!



Kjötkompaní Bolognaise, 1 kg

1990 kr. stk.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione


MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



Herra
lagermann
outlet
líka fyrir konur

Rýmning

700%

afsláttur af öllum vörum

Moon segir Trump eiga miklar þakkir sk

Forseti Suður-Kóreu þakkar Trump fyrir hans þátt í að koma á viðræðum við norðrið. Trump hafði áður stært sig af hlutverki sínu og sagst lykilmáður. Rætt verður um hernaðarmál á Kóreuskaga í bráð.

SUÐUR-KÓREA Donald Trump á miklar þakkir skildar fyrir sitt hlutverk í að koma á viðræðum á milli Norður- og Suður-Kóreu. Þetta sagði Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, í gær en viðræðurnar sjálfar fóru fram á þriðjudag og var komist að þeirri niðurstöðu að Norður-Kórea myndi senda keppendur á vetrarólympíuleikana sem fara fram í suðurkór- esku borginni Pyeongchang síðar á þessu ári.

„Ég tel að Trump forseti eigi

miklar þakkir skildar fyrir að hjálpa til við að koma þessum viðræðum á. Forysta Bandaríkjanna í því að beita þvingunum og þrýsta á Norður-Kóreu var á meðal þess sem gerði þetta mögulegt,“ sagði Moon en viðræðurnar voru þær fyrstu á milli ríkjanna í rúm tvö ár.

Sjálfur tísti Trump því í síðustu viku að viðræðurnar væru honum að þakka. Hann hafi komið þeim á með að sýna „styrk og staðfestu og skuld- bindingu við að beita sameigin-

legum mætti gegn Norður-Kóreu.“

Til þess að ljúka gerð sam- komulagsins mætti stakur fulltrúi einræðisríkisins í höfuðstöðvar Alþjóðaólympíusambandsins í Sviss í gær. Er því ljóst að ríkin tvö á Kóreuskaga munu bæði eiga fulltrúa á þessum vetrarólympíuleikum.

Samkvæmt greinanda BBC fetar Moon nú þróngan stíg. Er hann sagður hvorki vilja stýggja Band- aríkjaforseta eða grafa undan við- skiptaþvingunum né stýggja



Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, er sagður f

nágrannanna í norðri, svo að hægt verði að eiga fleiri viðræður.

Og í fleiri viðræður stefnir. Kom- ist var að því samkomulagi á þriðju- dag að hefja viðræður um hernaðar- mál á skaganum. Í gær sagði Moon að hann stæði við þá sýn sína að Kóreuskaga væri best borgið kjarn- orkuvopnalausum en að einræðis- ríkið hafi ekki viljað ræða þau mál frekar.

Rússar fögnuðu í gær komandi viðræðum um hernaðarmál. „Við vonum að þær viðræður dragi úr togstreitunni á Kóreuskaga og leiði til aukins stöðugleika á svæðinu,“ sagði í tilkynningu frá rússneska utanríkisráðuneytinu en Rússland á landamæri að Norður-Kóreu.

Athylgissverð frétt birtist jafnframt í gær í Korea Times, elsta kóreska dagblaðinu sem gefið er út á ensku, þar sem Cho Dong-uk, prófessor við Chungnam-háskóla í Suður-Kóreu, sagði frá því mati sínu að rödd Kim Jong-un, einræðisherra Norður- Kóreu, í nýársávarpi hans bæri þess merki að hann væri að stríða við nýrnasjúkdóm. Cho hafi safnað dæmum af hljóðum sem bærust frá

GLEÐILEGT GRÆJUÁR

BYRJUM 2018 MEÐ LÁTUM • NÝJAR SPENNANDI VÖRUR

NÝ KYNSLÓÐ
ÞESSA VERÐUR ÞÚ AÐ SKOÐA!)

Leikja Skjækort
2GB NV150 GeForce í léttari leikina!)

15" FHD LED
1920x1080 AntiGlare skjár
Intel i5 8250U
3.4GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400MHZ
256GB SSD
M.2 diskur

2 LITIR

acer

27" AMVA+ FHD
1920x1080, Brightness 1. tækni

BenQ

PLAYSTATION VR
52.990

PS4 SLIM 500GB
42.990

PS4 SLIM 1TB+GT
49.990

PS4

ACER ASPIRE 5
Enn þynnri lúxus útgáfa með silkiskorið álbak, GeForce leikjaskjækort og 8.kynslóð örgjörva

129.990

Lúxus fartölva með 2GB GeForce leikjaskjækorti

BENQ EW2775ZH
Rammalaus Edge to Edge AMVA+ skjár með 178° True To Life sjónarhorni

34.990

Ambient birtuskynjari fyrir fullkomin gæði

PS4 PRO 1TB+GT
Nýjasta og öflugasta PS4 útgáfan með stýri- pinnna og hinum vinsæla Gran Turismo leik

59.990

Öflugasta PS4 vélin fyrir þá kröfuhörðu!)

2TB

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ AÐUR 24.990

LACIE

VATNSHELT
9.990

WONLEX

Bluetooth

60W RMS

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ AÐUR 24.990

THONET & VANDER

2TB LACIE PORSCHE
Örþunnur ferðaflakkar með USB-C 3.1 og meiri hraða

19.990

GPS KRAKKAÚR
GPS snjallur með 1,22" LED snertiskjá og SOS takka

6.990

KÚRBIS PRÁÐLAUS
Öflugir þráðlausir hágæða Blue Tooth 4.0 hátalarar

19.990

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ AÐUR 14.990

Wi-Fi PRÁÐLAUS

J562DW
Fjölnotatæki frá Brother

9.990

50% AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 9.990

PRÁÐLAUS
Bluetooth 4.1 tappaheymartól frá Koss

4.995

20% AFSLÁTTUR

HERSCHEL
Glæsilegt tilboð á töskum á verði frá:

7.992

LEIKJASTÓLL
Hágæða leikjastóll með PU-Leðri

29.990

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ AÐUR 48.990

SWITCH
Nýjasta leikjatölvan frá Nintendo

48.990

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

GLEÐILEGT GRÆJUÁR

Landlæknir og vara- aðstoðarmenn hjá tv

STJÓRN MÁL Þórdís Kolbrún Reyk- fjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðn- aðar- og nýsköpunarráðherra, hefur ráðið Hildi Sverrisdóttur, fyrsta varaþingmann Sjálfstæðis- flokksins í Reykjavík-ur- kjördæmi suður, sem annan aðstoðarmann sinn en fyrir er Ólafur Teitur Guðnason.

Þá hefur Svandís Svavarsdóttir heil- brigðisráðherra ráðið Birgi Jakobs- son aðstoðar- mann sinn í velferðar- r á ð u - neyt- inu, en Birgir hefur



Hildur Sverrisdóttir

ildar



eta þróngan stig. NORDICPHOTOS/AFP

Trúir því í alvörinni einhver að af þessum viðræðum hefði orðið ef ekki hefði verið fyrir minn styrk og staðfestu og skuldbindingu við að beita sameiginlegum mætti gegn Norður-Kóreu?

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



mismunandi stöðum í munni einræðisherrann og að titringur og tónhæð bæru þess merki að lungu og hjarta einræðisherrans væru í lagi en nýrun ekki.

„Að minnsta kosti sýna þessi dæmi að nýru hans eru ekki í jafngóðu ástandi og önnur líffæri,“ var vitnað í Cho. Miðillinn benti jafnframt á að Kim væri of þungur, drykki áfengi og reykti sigarettur. thorgnyr@frettabladid.is

Þingmaður gerast veimur ráðherrum

gegn embætti landlæknis frá 1. janúar 2015. Hann tekur til starfa þann 1. apríl næstkomandi, þegar hann lætur af embætti landlæknis. Birgir verður annar aðstoðarmaður Svandísar, en fyrir er lóðunn Gardarsdóttir lögfræðingur. – ósk



Birgir Jakobsen

Nágrannar á móti nýbyggingu í stað veggjatítluhúss

SKIPULAGSMÁL Þrjár athugasemdir bárust um nýtt deiliskipulag vegna Austurgötu 36 í Hafnarfirði. Húsið var dæmt ónýtt í apríl 2017 vegna veggjatítlu og myglu. Nágrannar óttast skuggavarp og eignatjón.

Fimm manna fjölskylda flúði húsið og heldur til í leiguhúsnæði. Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um hafa síðustu mánuðir fjölskyldunnar farið í að berjast fyrir því að fá að reisa nýtt og stærra steinhús á lóðinni í stað hins ónýta bárujárnsklædda timburhúss.

Í október sagði Anna Gyða Pétursdóttir, eigandi hússins, í Fréttablaðinu að þau litu svo á að kröfur þeirra væru raunhæfar og að um væri að ræða steinhús í gömlum stíl sem passi vel inn í virðulega götumyndina.

„Okkur hefur fundist að menn vilji bara annað lítið bárujárns húsnæði, sem væri bara galið.“

Það viðhorf kemur einmitt fram í athugasemd Björns Péturssonar, bæjarminjavarðar Hafnarfjarðar, við breytingarnar sem lagðar voru fram

á fundi skipulags- og byggingarráðs bæjarins á þriðjudag ásamt athugasemdum tveggja nágranna.

Þar leggur Björn til að leitað verði allra leiða til að vernda hið ónýta hús og gera það upp í upprunalegri mynd. Ef svo „ólíklega vill til“ að það sé ekki gerlegt verði gerð krafa um að sams konar bárujárnsklætt timburhús verði byggt svo það raski ekki götumyndinni.

Íbúi í næsta húsi við Austurgötu 36 leggst gegn nýbyggingunni þar sem hún muni auka skuggavarp á

lóð hans og að hún stríði þannig gegn hagsmunum hans.

Nágranni í Mjóasundi 3 bendir á að eign hans sé friðuð og kjallari hlaðinn úr grjóti án styrkingar. Fyrirhuguð stækkun og dýpkun á grunni Austurgötu 36 muni því líklega valda tjóni á hans eign.

Þá mælist hann einnig til að beðið verði með frekari ákvarðanir varðandi hið nýja hús þar til málaferli núverandi eigenda Austurgötu 36 við fyrri eigendur eru til lykta leidd. – smj

FRAMTÍÐ INNANLANDSFLUGS



MORGUNFUNDUR UM FRAMTÍÐ INNANLANDSFLUGS Á ÍSLANDI

Isavia boðar til morgunfundar þann 16. janúar næstkomandi kl. 8.30 á **Hótel Reykjavík Natura**.

Fjallað verður um mikilvægi innanlandsflugs sem hluta af almenningssamgöngukerfinu. Spurt er hvort núverandi kerfi sé komið að þölmörkum og rætt um þá sýn sem hagaðilar hafa á kerfið nú og til framtíðar.

Boðið verður upp á kaffi og létt morgunhressingu.

Dagskrá:

— Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia, setur fundinn

INNANLANDSFLUG - TÆKIFÆRI EÐA VANDAMÁL?

— Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri flugvallasviðs Isavia

MIKILVÆGI INNANLANDSFLUGS FYRIR BYGGÐIR LANDSINS

— Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands

HAGKVÆMUR KOSTNAÐUR Í KREFJANDI UMVERFI

— Grímur Gíslason, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Air Iceland Connect

Fyrirspurnir úr sal

HÓTEL NATURA Í REYKJAVÍK
16. JANÚAR KL. 8.30

SKRÁNING
ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR



ISAVIA

VIÐSKIPTI

Breskur vogunarsjóður yfir fimm prósent í TM

Sjóður í stýringu breska vogunarsjóðsins Lansdowne Partners hefur aukð enn við hlut sinn í Tryggingamiðstöðinni (TM) og er nú sjöundi stærsti hluthafi félagsins með rúmlega fimm prósentu eignarhlut. Eignarhlutur sjóðsins í TM er metinn á um 1.190 milljónir króna miðað við núverandi markaðsvirði félagsins. Hlutabréf TM hækkuðu í verði um 2,08 prósent í viðskiptum í Kauphöllinni gær og við lokun markaða stóð gengið í 34,3 krónum á hlut.

Í tilkynningu til Kauphallarinnar í gær kom fram að vogunarsjóðurinn hefði síðastliðinn þriðjudag bætt við sig bréfum í félaginu og ætti eftir þau kaup 5,11 prósentu hlut. Í byrjun desember á síðasta ári átti Lansdowne Partners um 2,8 prósentu hlut í tryggingafélaginu og hefur sjóðurinn því næstum tvöfaldað hlut sinn í TM á rúmlega einum mánuði.

Auk fjárfestingarinnar í TM hefur sjóðurinn að undanfögnu bætt við

1.190

milljónir króna er verðmatið á hluti breska sjóðsins í TM.

sig hlutum í öðru tryggingafélagi, VIS, oliufélaginu N1 og Fjarskiptum. Hann er á meðal stærstu hluthafa í öllum þessum félögum.

Lansdowne hóf innreið sína á innlendan hlutabréfamarkað síðasta haust. Stuart Roden, stjórnarformaður sjóðsins, hefur látið hafa eftir sér að mikill vöxtur í hérlandri ferðabjónustu geri landið að ákjósanlegum fjárfestingarkosti.

„Við erum reiðubúnir til þess að fjárfesta á Íslandi þegar landið opnast,“ sagði hann í samtali við Reuters og bætti við að Ísland hefði gengið í gegnum „ótrúleg umskipti“ á undanfögnu árum. – hae



Innflutningur neysluvara hefur aukist mikið að undanfögnu og þannig jókst innflutningur á nýjum bílum til einkanota um 40 prósent fyrstu tíu mánuði síðasta árs. Þá jókst innflutningur á heimilistækjum um 23 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vöruskiptahalli aldrei meiri í krónum talið

Vöruskiptahalli var 172 milljarðar í fyrra en samt er útlit fyrir um 100 milljarða viðskiptaafgang. Innflutningur neysluvara hefur aukist mikið. Hagfræðingur segir aukna skuldsetningu heimila aðeins skýra hluta af vexti einkaneyslu.

Halli af vöruskiptum við útlönd hefur aldrei mælst meiri en í fyrra þegar hann nam 172 milljörðum króna. Um er að ræða 60 prósentu aukningu frá fyrra ári, þegar hann var um 108 milljarðar. Sem hlutfall af landsframleiðslu var vöruskiptahallinn um 6,8 prósent og á þann mælikvarða hefur hann ekki verið meiri í tíu ár.

Það er ekki síst innflutningur neysluvara sem er að aukast hratt um þessar mundir. Þannig jókst innflutningur á bílum til einkanota um 40 prósent á fyrstu tíu mánuðum síðasta árs og á heimilistækjum um 23 prósent yfir sama tímabil. Þetta kemur fram í greiningu frá Íslandsbanka sem byggð er á bráðabirgðatölum Hagstofunnar sem birtust í fyrradag. Gerir greiningardeildin ráð fyrir afgangi upp á 270 milljarða af þjónustuviðskiptum á síðasta ári sem þýðir að viðskiptaafgangur Íslands við útlönd var um 100 milljarðar króna.

Þetta er fimmta árið í röð þar sem viðskiptaafgangi er skilað en Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur í greiningardeild Íslandsbanka, segir það heyra til tíðinda. „Hagsaga síðustu áratuga geymir engin dæmi



Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Íslandsbanka.

23%

aukning var í innflutningi á heimilistækjum á fyrstu tíu mánuðum nýliðins árs.

um fimm ára samfelldan viðskiptaafgang og við erum í raun og veru að snúa við blaðinu í þeim efnum.“ Ör vöxtur ferðabjónustunnar á stóran þátt í þessu en greinin hefur einnig kallað á aukinn innflutning aðfanga vegna neyslu ferðamanna hér á landi. Ferðamönnum mun að öllum líkindum halda áfram að fjölga á þessu ári, líkt og undanfarin ár, en þó hægir á þeim vexti. Þannig mætti eiga von á því að vöruskiptahalli aukist á meðan dregur úr viðskiptaafgangi.

Jón Bjarki segir skuldsetningu heimilanna hafa aukist örlítið

undanfarið ár eða svo, en ekki sé hægt að bera hana saman við árin fyrir hrun bankanna. „Það er ólíku saman að jafna við uppsveifluna 2004 til 2008 þegar heimilin voru nokkuð skuldsett í upphafi sveiflunnar og einkaneysluvöxturinn að stórum hluta tekinn á láni,“ segir Jón og bætir við að aukin skuldsetning nú skýri lítinn hluta af vexti einkaneyslu. Staða heimilanna sé sterk í ríkjandi hagsveiflu. Hann segir langan veg frá því að við séum komin á varasamar slóðir hvað það varðar.

Þó svo að vöruinnflutningur hafi aukist töluvert hefur útlutningur nokkurn veginn staðið í stað. Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir að útlutningur sjávarafurða hafi gefið aðeins eftir en á sama tíma hafi útlutningur á áli aukist nokkuð. Mælt í erlendum gjaldmiðli kemur þetta nokkurn veginn út á pari. Hann segir styrkingu krónunnar og aukinn kaupmátt eiga stóran þátt í auknum innflutningi. Bendir hann á að vöruskiptahallinn sé einn og sér kominn á svipaðar slóðir og fyrir hrun en svo lengi sem viðskiptaþjónudur er jákvæðari verði það lítið vandamál. daniefreyr@frettabladid.is

Sveitaball



DEILDARBUNGU
BRÆÐUR 12.-13.
JAN. 2018

Ekta sveitaball á Kringlukránni um helgina. Mætum öll og rifjum upp stemminguna frá 1977

- Nú er gaman
- María Draumadís
- Stúlkan Mín o.fl.

www.kringlukrain.is



ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen® Bólgueyðandi og verkjastillandi
munnsogstafla við særindum í hálsi



Strefen®
8,75 mg, sugetabletter

flurbiprofen

16 sugetabletter

HUNANGS
OG SÍTRÓNU-
BRAGD

Strefen® Orange
8,75 mg sugetabletter

flurbiprofen

16 sugetabletter

APPELSÍNU-
BRAGD
SYKURLAUST

Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfíri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólahringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation
that excites

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ EIGNAST NÝJAN QASHQAI



KEYRUM NIÐUR VERÐIÐ

VERÐ FRÁ: 3.550.000 KR.

**JANÚAR SMELLVERÐ:
3.300.000 KR.**

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Klíkumyndun



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Orðalag bréfs Guðlaugs Þórs Þórðarsonar til dómsmálaráðherra í kjölfar skipunar átta héraðsdómara var meira en lítið athyglisvert. Settur ráðherra telur mikilvægt að koma leikmönnum að umsagnarferlinu um dómara að danski fyrirmynd til að draga úr „hættu á klíkumyndun í vali dómara“.

Þetta orðalag er ekki tilviljun vegna þess að þeir sem kynna sér umsagnir dómnefndarinnar um hæfni dómara við skipanir síðustu ára, sérstaklega í Hæstarétt Íslands, sjá í hendi sér að dómnefndin hefur lagt sig fram við að veita þeim umsækjendum sem eru þóknalegir góða umsögn en útiloka aðra sem eru ekki „í klíkunni“ þótt þeir séu hæfari. Afleiðingar þessa eru mun alvarlegri en ætla mætti við fyrstu sýn því með þessu er smátt og smátt búið að veikja Hæstarétt. Í réttinn eiga að veljast færustu lögfræðingar þjóðarinnar og stofnunin á að búa yfir besta mögulega mannaúði sem er til staðar úr stétt lögfræðinga hverju sinni.

Þegar lögum um dómstóla var breytt árið 2010 var ráðherra gert ómögulegt að fara gegn niðurstöðu dómnefndarinnar nema bera þá ákvörðun undir Alþingi. Atburðarás síðustu vikna hefur leitt í ljós að þetta fyrirkomulag getur sett ráðherra, sem fer með veitingarvaldið og ber pólitíska ábyrgð á skipuninni, í vonlausu stöðu. Núverandi dómnefnd undir forystu Jakobs Möllers lagði sig fram um að útiloka tiltekna umsækjendur án skýringa, skilaði niðurstöðum allt of seint og svaraði síðan með hroka þegar settur dómsmálaráðherra vildi gera athugasemdir við umsögn hennar. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð hjá fagfólki.

Eins og settur dómsmálaráðherra rekur í bréfi sínu var honum nauðugur sá kostur að fylgja álitni nefndarinnar og skipa þá átta umsækjendur sem nefndin taldi hæfasta. Jafnvel þótt hann hefði engar forsendur til að meta hvort sú ákvörðun væri rétt þar sem nefndin veitti ekki fullnægjandi svör við athugasemdum hans. Eftir lestur svarbréfs dómnefndarinnar er maður engu nær um það hvernig nefndin komst að sumum niðurstöðum, eins og að telja mann með 20 ára dómara-reynslu minna hæfan en dómara sem hefur starfað sem settur dómari í átta ár.

Í ljósi dóma Hæstaréttar í málum tveggja umsækjenda um dómaraembætti við Landsrétt sem kveðin voru upp 19. desember 2017 liggur fyrir að íþyngjandi rannsóknarskýlda er lögð á dómsmálaráðherra sem vill víkja frá umsögn dómnefndarinnar. Með því að skila umsögn um umsækjendur rétt áður en héraðsdómarnir átta að hefja störf var settum ráðherra í reynd stillt upp við vegg. Ef hann hefði farið gegn álitni nefndarinnar án þess að fyrir lægi sambærilegt umsagnarferli þá hefði það bakað ríkinu bótaskyldu gagnvart þeim umsækjendum sem nefndin taldi hæfasta en fengu ekki embætti.

Það má taka undir það sjónarmið að brýnt sé að breikka þann hóp sem kemur að tilnefningum í dómnefndina til að draga úr hættu á klíkumyndun og minnka áhrif dómara sjálfrá á val á samstarfsmönnum sínum. Ekki verður unað við óbreytt ástand.



Með því að skila umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara rétt áður en dómarnir átta að hefja störf var settum ráðherra í reynd stillt upp við vegg.

Halldór



Frá degi til dags

Sögulegur frambjóðandi

Viðar Guðjohnsen sker sig nokkuð áberandi úr hópi þeirra sem gáfu kost á sér í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Viðar hefur um árabíl hringt nánast daglega í símatíma Útvarps Sögu og viðrað þar skoðanir sem hafa fallið í grýttan jarðveg. Viðar kynnis sig jafnan sem „harðlínu hægri“ og amast ekki sist við feitu fólki og fiklum sem koma sér upp lífsstílssjúkdómum með tilheyrandi kostnaði fyrir „skattborgarann“. Þá hefur hann meðal annars talað af sannfæringu fyrir fjölkvæni og að flugeldar, sem hann kallar „dýranið“, verði bannaðir.

Enginn Sögumaður

Viðar nýtur takmarkaðra vinsælda hjá öðrum hlustendum og innhringjendum og er ekki líklegur til þess að sækja fylgi í þeirra raðir. Öryrkjar og eldri borgarar eru áberandi í því mengi og sárnar mörgum hverjum harkaleg viðhorf frambjóðandans til þeirra sem minna mega sín. Sjálfsgagt væri ráð fyrir Viðar að byrja að strjúka „sögufólkinu“ rétt. Það vegur nefnilega þyngra en margan grunar. Þannig fleyttu hlustendur Péttri Gunnlaugssyni, umsjónarmanni símatímans, í stjórnlagaráð á sínum tíma og talið er að velgengni Miðflokksins og Flokks fólksins í alþingiskosningunum megi mikið til rekja til þess þeir hafa notið mikillar velvildar hjá hlustendum Sögu.

thorarinn@frettabladid.is

Þetta snýst um traust



Guðmundur Andri Thorsson
alþingismaður

Þetta kann að þykja róttæk kenning – en dómarskipan er ekki einkamála Sjálfstæðismanna. Hún er ekki einu sinni einkamála lögmanna heldur varðar alla landsmenn. Það er ein forsendan fyrir heilbrigðu þjóðlífi að dómstólar séu sjálfstæðir og lausir við íhlutun hins pólitíska valds, klíkuvalds og auðvalds.

Það er góðra gjalda vert hjá forsætisráðherra að skipa ágæta nefnd með ágætu fólki um að auka traust á stjórnarmálum. En óneitanlega gerir ýmislegt nefndinni erfitt fyrir. Til dæmis þetta: Dómsmálaráðherra hefur fengið á sig dóm Hæstaréttar um að hún hafi brotið lög við skipan dómara í Landsrétt – en situr þó enn. Og ekkert fararsnið á henni enda nýtur hún trausts forsætisráðherra.

Og enn lætur Sjálfstæðisflokkurinn eins og skipan dómara sé innanflokksmál þar á bæ.

Þetta er áhyggjuefni. Það hefur verulega reynt á dómstóla hér á undanförunum árum vegna flókinna fjársvikamála sem komu upp við Hrunið. Auðugir sakborningar berjast um á hæl og hnakka við að ónýta mál á hendur sér og hafa reynt með öllum ráðum að koma í veg fyrir eðlilega málsmeðferð. Þessir aðilar vilja eflaust hafa hönd í bagga með því hverjir dæma í fjársvikamálum sem þeim tengjast.

Við vitum líka að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki ein-skært lífsskodunarfélag heldur rammgert tengslanet auðs og valda og að auðmenn hafa þar mikil ítök.

Ráðningar dómara þurfa að vera hafnar yfir vafa og því er afar óheppilegt fyrir dómvaldið, rannsóknaraðila og þjóðina almennt, að Sjálfstæðismenn skuli hunsna niðurstöður hæfnisnefnda til að koma að þóknalegri dómurum eða fara að niðurstöðum með hundshaus.

Mikilvægt er að standa vörð um þriggreiningu ríkisvaldsins – og sjálfstæði dómstóla gagnvart ásælni hins pólitíska valds og auðmanna sem sjá hag sinn í því að vita af vinsamlegum dómurum að störfum. Þetta snýst nefnilega um traust: Almennur verður að geta treyst því að dómarnir landsins dæmi eftir lögum burtséð frá tengslum við Flokk og fjárplógsmenn.

Þó að hitt sé vissulega góðra gjalda vert: að skipa ágætar nefndir með ágætu fólki.



Almennur verður að geta treyst því að dómarnir landsins dæmi eftir lögum burtséð frá tengslum við Flokk og fjárplógsmenn.

VÉLABORG

JUNGHEINRICH
lyftarar og hillukerfi

www.velaborg.is velaborg@velaborg.is s. 414 8600

Peningamál á villigötum

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Það er almenn regla í viðskiptum að seljandi getur ekki upp á sitt eindæmi ákveðið bæði verðið á þjónustu sinni og hversu mikla þjónustu viðskiptavinir hans eru fúsir að kaupa. Seljandinn verður að velja. Annaðhvort ákveður hann verðið og umfang viðskiptanna ræðst þá af því eða hann ákveður hversu mikla þjónustu hann vill veita og verðið fer þá eftir því. Eflingubíllstjóra er frjálst að ákveða sjálfur gjaldið sem hann setur upp þá stillir hann því væntanlega í hóf til að flæma viðskiptavinina ekki burt.

Peningar ...

Sama regla á við um seðlabanka. Þeir þurfa að velja líkt og leigubíllstjórinn. Þeir ákveða annaðhvort hversu mikið af peningum þeir setja í umferð (því seðlabankar prenta peningana) og vaxtastigið ræðst þá af peningamagninu á markaði eða þeir ákveða vextina með handafli og peningamagn í umferð fer þá eftir því.

Fyrri aðferðin, þ.e. bein stjórn

peningamagns í umferð, var algengust viðast hvar þar til um og eftir 1990. Seðlabankar reyndu þá yfirleitt að hemja peningamagn til að hamla verðbólgu einkum með því að kaupa og selja ríkisskuldabréf eftir atvikum. Þyrfti að sporna gegn þenslu var reynt að draga úr vexti peningamagns til að hefta útlána-getu bankanna. Harðari samkeppni um minna lánsfé var ætlað að leiða til hærri vaxta á markaði og minni umsvifa.

Þessi aðferð hefur þann annmarka að seðlabankar geta ekki haft fulla stjórn á peningamagninu í umferð m.a. af því að viðskiptabankar geta einnig búið til peninga t.d. með því að endurlána erlent fé líkt og þeir gerðu hér heima fyrir hrun. Árangursrík peningastjórn útheimtir að hemill sé hafður á útlánam bankakerfisins í heild, bæði seðlabankans og viðskiptabanka. Þessi hugsun hefur legið til grundvallar ráðgjöf Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um peningamál frá fyrstu tíð til að koma böndum á bæði seðlabanka og viðskiptabanka, m.a. með skilvirkum fjármálaeftirliti. Reynslan sýnir að ráðin duga jafnan bærillega sé farið eftir þeim.

... eða vextir?

Um og eftir 1990 söðluðu margir seðlabankar um og tóku upp vaxtastjórn í stað beinnar peningastjórnar. Seðlabanki Íslands tók þessa stefnu 2001. Hér var hugsunin sú að seðlabankarnir settu sér verðbólguþolmið, t.d. 2% eða 3% á ári, og ákváðu síðan stýrivexti sem var

ætlað að halda verðbólgunni sem næst settu marki. Nú voru vextirnir komnir í framsætið og peningamagnið í aftursætið. Seðlabankar ákveða stýrivexti, þ.e. þau ávöxtunarkjör sem viðskiptabönkum bjóðast í seðlabönkum. Ætlunin er að viðskiptabankar sjái sér ekki hag í að veita viðskiptavininum sínum lán við vöxtum sem eru lægri en stýrivextirnir. Með þessu móti er hækkun stýrivaxta ætlað að draga úr útlánam viðskiptabanka og þá um leið úr þenslu í efnahagslífinu ef með þarf – og öfugt með lækkun stýrivaxta ef verkefnið er að hefja efnahagslífið upp úr lægð í litilli verðbólgu eins og gert hefur verið í Ameríku og Evrópu með góðum árangri síðustu ár. Stýrivöxtunum er ætlað að vera eins og grundvöllur eða gólf undir vaxtaflórinni, gólf sem hægt er að hækka og lækka á víxl eftir atvikum.

Tveir annmarkar

Vaxtastjórn með verðbólguþolmiði hefur reynzt hafa tvo annmarka. Í löndum þar sem verðbólga er mikil og þrálát freistast seðlabankinn til að hækka svo vexti að erlent fé tekur að streyma inn til lands í stórum stíl til að njóta þar hærri vaxta en bjóðast í útlöndum. Innstreymi erlenda fjárens yfir þá undir verðbólgu þvert gegn vilja seðlabankans. Á móti kemur að innstreymið hækkar gengi gjaldmiðilsins sem dregur að sínu leyti úr verðbólgu eins og gerðist hér heima fyrir hrun. Af þessu leiðir að

hávaxtastefna Seðlabanka Íslands dregur minna úr verðbólgu en að var stefnt og getur jafnvel kynt undir verðbólgu eins og raunin varð í hruninu þegar verðlag rauk upp um 25% árin 2008 og 2009 eftir langt hávaxtaskeið sem varir enn. Gengi krónunnar er nú aftur orðið fjallhátt líkt og fyrir hrun en það stafar einkum af gjaldeyrissastreymi til ferðaþjónustunnar sem aflar nú orðið meiri gjaldeyris en sjávarútvegurinn og stóriðjan afla samanlagt. Seðlabankinn gerir rétt í að hefta nú skammtímainnstreymi erlends fjár með sérstakri bindi-skyldu til að slæva áhuga spákaupmanna á vaxtamunarviðskiptum eins og þeim sem tíðkuðust fyrir hrun.

Hinn gallinn við vaxtastjórn með verðbólguþolmiði er að háir vextir draga e.t.v. ekki eins verulega úr lánveitingum banka og að er stefnt, a.m.k. ekki úr lánveitingum til þeirra sem reynslan hefur kennt að þeir þurfa ekki alltaf að standa skil á lánnum sínum. Bankar hafa afskrifað mikið af óreiðuskuldum. Hvers vegna skyldu þeir sem var hlífð við að standa í skilum láta háa vexti aftra sér frá frekari lántökum? Þeir taka gjarnan sem mest af lánnum við hvaða vöxtum sem er ef þeir telja sig vita af reynslu að vanskilaskellurinn lendir á skattgreiðendum eða hluthöfum bankanna ef í harðbakkann slær.



Bankar hafa afskrifað mikið af óreiðuskuldum. Hvers vegna skyldu þeir sem var hlífð við að standa í skilum láta háa vexti aftra sér frá frekari lántökum? Þeir taka gjarnan sem mest af lánnum við hvaða vöxtum sem er ef þeir telja sig vita af reynslu að vanskilaskellurinn lendir á skattgreiðendum eða hluthöfum bankanna ef í harðbakkann slær.

sem í henni átti að felast. Þessi hlíð málsins var mörgum hulin fyrir hrun en hún ætti nú í miskunnarlausu ljósi reynslunnar að blasa við.

Tvær flugur í einu höggi

Að öllu þessu athuguðu virðist gamla leiðin greiðust. Það er leiðin sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði upp með fyrir 1950. Hún felst í að setja lánsfjárbók, þ.e. takmarkanir á leyfilegan hámarksútlánvöxt seðlabanka og viðskiptabanka frá ári til árs. Þessi leið á við hvort sem menn nota eigin þjóðmynt eða evruna, hún kemur böndum á seðlabanka og viðskiptabanka samtímis og nær til beggja lögbundinna hlutverka seðlabanka: að stuðla að litilli verðbólgu og stöðugu fjármálakerfi.

Veldur kúamjólk brjóstakrabbameini?



Álfheiður Haraldsdóttir doktorsnemi í lyðheilsuvísindum



Laufey Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands

krabbameinum á borð við brjóstakrabbamein.

Þessi staðhæfing á sér enga stóð samkvæmt þeim fjölmörgu rannsóknnum sem gerðar hafa verið til að kanna hvort neysla á mjólk og mjólkurvörum sé áhættuþáttur fyrir brjóstakrabbamein. Árið 2011 var birt safngreining (meta-analysis) þar sem teknar voru saman niðurstöður 18 ferilrannsókna með alls um milljón þátttakendum. Niðurstaðan var sú að ekkert samband fannst á milli mjólkurneyslu og brjóstakrabbameins og í raun mátti sjá vísbendingar um lækkaða áhættu hjá konum með aukinni neyslu mjólkurafurða. Svipaðar niðurstöður komu fram í safngreiningu frá árinu 2015 þegar skoðaðar voru 27 rannsóknir, með alls um 1,5 milljón þátttakendum. Aftur bentu niðurstöður til minnkandi áhættu

á brjóstakrabbameini með aukinni neyslu mjólkurafurða, sérstaklega meðal asískra kvenna.

Þess ber einnig að geta að bæði Bandaríska krabbameinsrannsóknastofnunin og Alþjóðakrabbameinsrannsóknasjóðurinn (American Institute of Cancer Research og World Cancer Research Fund) gefa reglulega út ítarlegar skýrslur um tengsl mataræðis, hreyfingar og krabbameins þar sem farið er yfir nýjustu rannsóknir á þessu sviði. Í skýrslu sem gefin var út á árinu 2017 var það mat þeirra að neysla á mjólkurvörum væri ekki áhættuþáttur fyrir brjóstakrabbamein. Þvert á móti fundust vísbendingar um að neysla á mjólkurvörum gæti dregið úr hættu á brjóstakrabbameini sem greinist fyrir tíðahvörf.

Mun minna hefur verið rannsakað hvort neysla mjólkurafurða eftir



Þvert á móti fundust vísbendingar um að neysla á mjólkurvörum gæti dregið úr hættu á brjóstakrabbameini sem greinist fyrir tíðahvörf.

greiningu á brjóstakrabbameini hafi áhrif á framgang sjúkdómsins og gefa þær örfáu rannsóknir sem til eru misvisandi niðurstöður. Árið 2013 birtist bandarísk rannsókn sem benti til þess að neysla á fituríkum mjólkurafurðum, smjöri og eftirrættum með rjóma, hefði tengingu við verri horfur kvenna

með brjóstakrabbamein, auk þess sem tenging við aukna dánartíðni af öðrum orsökum en brjóstakrabbameini sást samhliða neyslu fituríkra mjólkurvara eftir greiningu. Engin tengsl fundust hins vegar milli neyslu á fituminni mjólkurafurðum og lífshorfa kvennanna. Í sambærilegri ítalskri rannsókn fannst hins vegar ekki samband á milli neyslu fituríkra mjólkurafurða og verri lífshorfa eftir greiningu. Ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum á áhrifum mjólkurneyslu á framgang brjóstakrabbameins.

Almennar ráðleggingar varðandi áherslur í mataræði má finna hjá Embætti landlæknis. Þar er ráðlagt að velja fituminni, ósykraðar eða litið sykraðar mjólkurvörur án sætuefna. Hæfilegt magn er talið vera tvö glös, diskar eða dósir af mjólk eða mjólkurvörum á dag (500 ml).

Heilsutjútt
Tilboðsdagar 9.–21. janúar

Settu heilsuna í fyrsta sæti á árinu 2018. Frábær tilboð á fjölmörgum heilsuvörum. Kíktu við í Lyfju eða verslaðu í netverslun á lyfja.is.

Heilsutjútt

Tilboðsdagar 9.–21. janúar

Settu heilsuna í fyrsta sæti á árinu 2018. Frábær tilboð á fjölmörgum heilsuvörum. Kíktu við í Lyfju eða verslaðu í netverslun á lyfja.is.

lyfja.is

Veidigjald er ekki skattur heldur afnotagjald



Porkell Helgason sat í stjórn-lagaráði

Skattar eru lagðir á „eftir efnum og ástæðum“ eins sagt var í gömlum lögum um álagningu útsvars. [i] Þeir sem betur eru settir greiða hlutfallslega meira en hinir. Þetta er gert af félagslegum ástæðum, til tekjujöfnunar. En þetta á aðeins við um skatta á tekjur einstaklinga. Fyrirtæki greiða aftur á móti öll sama hlutfall af hreinum tekjum sínum, óháð efnahag að öðru leyti. Það er hvorki skynsamlegt né framkvæmanlegt að vera þar með einhverjar tekjujöfnunarkúnstir.

Í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar segir: „Við endurskoðun laga um veiðigjöld þarf að hafa það meginmarkmið að tryggja þjóðinni réttlátan hlut af arðsemi auðlindarinnar og að þau taki tillit til

afkomu.“ [ii] Í túlkun ráðherra og stjórnarþingmanna undanfarið á þessu ákvæði hefur þetta verið lagt út sem lækkun veiðigjalda með tilliti til „afkomu“; jafnvel afkomu hverrar útgerðar eða a.m.k. útgerðarhópa.

Varhugaverð braut

Hér er farið út á varhugaverða braut af mörgum ástæðum. Slik afkomutenging verður ávallt umdeilanleg, upphaf ágreinings sem mun grafa undan veiðigjaldskerfinu í sífellu þar til fátt verður eftir. Brugðist verður við kveinstöfum með því að slá af gjaldinu, fyrst hjá Jóni en svo líka fyrir séra Jóni. Leiðir til að koma útgerðum undir lægri gjöldin munu blasa við, svo sem uppskipting fyrirtækja í misarðbærar einingar. Útgerðir munu fá „framsóknarlag“ svo vísað sé til fyrirbæris fyrir á árum þegar sagað var framan af stefni fiskiskipa til að koma þeim í hentugra hólf réttinda. Hvað gerist við leiguframsäl kvóta frá útgerð með lægra veiðigjald til annarrar í hærri gjaldflokki?

Kjarni málsins er sá að veiðigjald er ekki og á ekki að vera skattur,

allra sist slíkur sem lagður er á samkvæmt efnum og ástæðum. Veiðigjald er enginn tekjuskattsaeki. Það er greiðsla fyrir aðgang að hráefni, fyrir heimild til að nýta takmarkaða sameignarauðlind, ekkert annað. Dytti einhverjum í hug að ríkið niðurgreiði önnur mikilvæg aðföng við fiskveiðar, eins og olíu, og það eftir afkomu hverrar útgerðar? Vart nú, enda væri það afturhvarf til þess miðstýringarkerfis sem þjóðin bjó við á árum áður. Veiðigjald sem er skilgreint sem sibreytilegur skattur verður aldrei til fríðs hvorki innan útvegarins né heldur hjá almenningi sem grunar að þjóðin sé hlunfargin, hlustandi á fréttir um drjúgar arðgreiðslur til eigenda útgerðanna.

Eðlilegir viðskiptahættir

Innan þess þjóðskiptulags sem við búum við er eðlilegast að útgerðin ákvarði veiðigjaldið sjálf með því að kaupa eða leigja aflaheimildirnar af eigandanum, þjóðinni, á frjálsum samkeppnismarkaði. Þá aðlagast gjaldið sjálfkrafa því hvernig árar í sjávarútvegi hverju sinni og tekur þannig mið af „efnum og ástæðum“ útvegarins í heild, en án pólitískra

inngripa. Breytingu í þessa veru má koma á í aföngum með fyrningarleiddinni svokölluðu. [iii] En er ekki hætta á að hinir stóru og sterku hrífsi til sín allar aflaheimildir séu þær seldar á almennum markaði? Við því er hægt að setja ýmsar skorður og beita mótvægis- aðgerðum. Þannig mætti t.d. láta tekjur af sölu aflaheimilda renna að drjúgum hluta til þeirra byggða sem eiga mest undir fiskafla svo og til uppbyggingar innviða í dreifðum byggðum landsins.

Vinstri-hægri

Hvers vegna skýtur slík hugmynd um ríkisstýrð og afkomutengd veiðigjöld upp kollinum nú hjá vinstri-hægri stjórn? Það er ein af furðum íslenskra stjórnvalda að markaðsleiðir eiga nokkuð jafnt undir högg að sækja hjá þeim sem eru lengst til hægri svo og þeim sem eru á hinum kantinum. Láttinn stjórnvaldaforingi skýrði þetta þannig að vinstri-hægri ásin væri í raun skeifulaga; stutt væri á milli endanna. Erum við að upplifa það nú?

I lokin má minna á að 83% þeirra sem afstöðu tóku voru fylgjandi



Hvers vegna skýtur slík hugmynd um ríkisstýrð og afkomutengd veiðigjöld upp kollinum nú hjá vinstri-hægri stjórn? Það er ein af furðum íslenskra stjórnvalda að markaðsleiðir eiga nokkuð jafnt undir högg að sækja hjá þeim sem eru lengst til hægri svo og þeim sem eru á hinum kantinum.

Því að náttúruauðlindir yrðu lýstar þjóðareignir í stjórnarskrá. Stjórnlagaráð gerði til tillögu í þeim efnum sem öðrum. Enn situr þó við sama.

[i] Í 4. gr. laga nr. 66 1945 hefst á þessari setningu: „Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum.“

[ii] Sjá <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlýsing/>

[iii] Sjá t.d. <http://thorkellhelgason.is/?p=2555>.

Öldruðum áfram haldið niðri við fátæktarmörk



Björgvin Guðmundsson viðskipta-fræðingur

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir 2018 á lífeyrir hjá einhleypum öldruðum og öryrkjum að hækka um 4,7% frá áramótum. Auk þess kemur örlitil hækking til viðbótar til þess að upphæð lífeyris einstaklinga fyrir skatt nái 300 þúsundum á mánuði í samræmi við það, sem ákveðið var í tíð ríkisstjórnar Sigurðar Inga, þegar ný lög um almannatryggingar voru samþykkt á Alþingi. Þá var ákveðið að lífeyrir mundi hækka árið 2018 í sömu fjárhæð og lágmarkslaun en þau verða 300 þúsund á mánuði fyrir skatt. 5% verkafólks eru á lágmarkslaunum en hinir sem betur fer á hærri töxtum. Því er það furðulegt, að lífeyrir aldraðra skuli miðaður við slíkan pappirstaxta. En á þennan hátt er tryggt að aldraðir og öryrkjar séu áfram niðri við fátæktarmörk!

Nýja ríkisstjórnin, sem er undir forsæti Katrínar Jakobsdóttur, hækkaði ekkert lífeyri aldraðra og öryrkja í jólamánuðinum. Aldraðir og öryrkjar, sem einungis hafa lífeyri frá almannatryggingum og engan lífeyrisjóð voru látnir halda jólin með 197 þúsund kr. í lífeyri eftir skatt í mánuðinum, þeir sem eru í sambúð eða hjónabandi. Og einhleypir fengu 230 þúsund kr. eftir skatt í mánuðinum. Þetta var jólagjöf ríkisstjórnar Vinstri grænna til aldraðra og öryrkja og allir geta litið í eigin barm og séð, að ekki er unnt að halda jól á þessari hungurlús. Það er ekki einu sinni unnt að greiða öll brýnustu útgjöld af þessu litilræði. Lyf eða lækni-hjálp verða oft útundan en það er mannréttindabrot. Jólamaturinn verður fábrotinn, þegar stjórnvöld skammta öldruðum og öryrkjum svona naumt. Og erftit er fyrir afa og ömmu, langafa og langömmu að gefa jólagjafir, þegar ríkisstjórnin þrýstir lífeyrinum svona niður.

Það breytir engu þó lífeyrir hækki í byrjun árs 2018 um 4,7%. Bæði Öryrkjabandalag Íslands, ÖBÍ, og Landssamband eldri borgara hafa mótmælt því við stjórnvöld, að svo



... svo virtist sem stjórnvöld vildu, að kjarabætur, sem öryrkjar hugsanlega fengju yrðu einhvers konar skiptimynt gegn því að þeir samþykktu starfsgetumat.

naumt eigi að skammta öldruðum og öryrkjum áfram. Aðeins 29% öryrkja fá örlitla viðbótarhækkun! Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, var í viðtali á Hringbraut, sjónvarpsstöð. Hún sagði ekki skilja hvernig kjararáð, ríkisstofnun, úrskurðaði að á grundvelli laga og launaþróunar, að laun stjórnvaldamanna og embættismanna ættu að hækka um marga tugi prósent og langt til baka á sama tíma og ríkisvaldið úrskurðaði að á grundvelli 69. greinar laga um almannatryggingar, sem einnig ætti að byggja á launaþróun, að laun öryrkja (og aldraðra)

ættu að hækka um 4,7%. (Launahækkun þingmanna 2016 44%, laun 1,1 milljón fyrir utan aukagreiðslur, launahækkun ráðherra 36%, laun 1,8 milljónir fyrir utan aukagreiðslur, laun forsætisráðherra hækkuð í rúmar tvær millj. fyrir utan aukagreiðslur. Þetta gerðist haustið 2016 en fyrir á árinu, 1. júní, höfðu þessir aðilar einnig fengið mikla hækkun.) Meðallaun í landinu eru tæpar 700 þúsund kr. fyrir skatt. Það er því ljóst, að það stenst ekki að halda lífeyri aldraðra og öryrkja svo langt niðri eins og raun ber vitni. Það er furðulegt, að Vinstri grænir, sem kalla sig róttækan vinstri flokk, skuli standa að því að niðast á þennan hátt á kjörum aldraðra og öryrkja.

Í umræddu viðtali við Þuríði Hörpu Sigurðardóttur, formann ÖBÍ, á Hringbraut sagði hún frá því, að svo virtist sem stjórnvöld vildu að kjarabætur, sem öryrkjar hugsanlega fengju, yrðu einhvers konar skiptimynt gegn því að þeir samþykktu starfsgetumat. En stjórnvöld hafa um tveggja ára skeið þrýst mjög á, að öryrkjar samþykktu starfsgetumat. Ríkisstjórn Sigurðar Inga og Bjarna Ben. lagði mikla áherslu

á það 2016 við afgreiðslu á nýjum lögum um almannatryggingar. Ríkisstjórn Sigurðar Inga gekk svo langt gegn Öryrkjabandalaginu, að hún beitti það þvingunaraðgerðum.

Þegar ÖBÍ var ekki tilbúið að samþykkja starfsgetumatið strax, vildi kynna sér það betur, sem eðlilegt er, þá beitti ríkisstjórn Sigurðar Inga öryrkja hefndaraðgerðum: Ríkisstjórnin ákvað að öryrkjar fengju ekki sömu kjarabætur og aldraðir! Þetta var fáheyrt og minnti helst á vinnubrögð í austantjaldslöndum. Krónu móti krónu skerðingin var afnumin hjá öldruðum en hún var látnin haldast hjá öryrkjum og er þar enn í gildi. Þetta var gert í hefndarskyni gegn öryrkjum. Og ríkisstjórn Sigurðar Inga komst upp með þetta! Það eru viðhöfð sömu vinnubrögð nú gegn öryrkjum og ríkisstjórn Sigurðar Inga beitti. Nýja ríkisstjórnin reynir að þvinga öryrkja til hlýðni í starfsgetumatsmálinu. Það er lygilegt. Það er furðulegt. Þetta er eins og í bananályðveldi. Og samkvæmt frásögn nýs formanns ÖBÍ virðist ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur vera að taka upp þessi sömu þvingunarvinnubrögð!

Umhverfishamfarir af mannavöldum



Steinn Káráson umhverfis-hagfræðingur

Gledilegt ár kærur landar.

„Það eina sem skiptir í rauninni virkilegu máli er að vera góður við börn. Þar liggur allt.“ Þessi vísdomsorð mælti forseti Íslands í nýársvarpi sínu til þjóðarinnar og hafði eftir Vigdís Grímsdóttur rithöfundur sem á liðnu ári hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

Nýja árið hófst hvorki með barngæsku né mannagæsku þegar landsmenn, margir hverjir, hófu hefðbundna flugeldaskothríð um áramótin. Eiturefnamagn

náði nýjum hæðum og fór fyrir þrjústíð á börnum og fullorðnum þegar hæst stóð. Magn svifryks – eiturefna í hverjum rúmmetra andrúmslofts í Kópavogi mældist 4.500 míkrógrömm – µg/m³. Sólarhringsheilsuverndarmörk eru 50 míkrógrömm í rúmmetra. Styrkur svifryks mældist að sögn 90 sinnum meiri en það sem heilsusamlegt má teljast. Er þetta sýnu verra en ástandið var á höfuðborgarsvæðinu vegna óskufalls frá síðasta eldgosi í Eyjafjallajökli. Skyggni á höfuðborgarsvæðinu fór niður í 700 metra um miðnæturbil. Veður var stillt og var svifrykið á höfuðborgarsvæðinu viðvarandi fram eftir nýársdegi.

Mengun vegna flugeldanotkunar er heilsuspillandi, hamfarir af mannavöldum sem þarf að linna. Flugeldar innihalda þungmálma s.s. arsen, blý, kopar, sink og króm, einnig sót og fleiri eiturefni sem eiga greiða leið inn í líkamann um

öndunarfæri, jafnvel inn í vefi og blóðrás. Um þrjátíu manns leituðu á bráðamóttöku Landspítalans um áramótin vegna andþrengsla og andnaðar. Umhverfisstofnun telur að allt að 80 ótímabær dauðsföll verði á hverju ári vegna svifryksmengunar. Rannsókn sýnir marktæk tengsl á milli notkunar á astmalyfjum og hás styrks svifryks (PM10) en í Kópavogi mældist ásamt öðrum efnum brennisteinsdioxíð. Eiturefni og svifryk ýta undir hjartasjúkdóma og spilla jarðvegi og vatni.

Létta þarf flugeldaherkvinni

Flugeldaslys henda árlega. Fólk hefur látið lífið, tapað sjón og limum af völdum flugelda. Ungmenn slösuðust við flugeldaskot við skátaskála í Þverárdal undir Móskaðshnjúkum. Eitt þeirra missti meðvitund. Maður nokkur fékk kúlu úr skotköku í bakið á gamlárskvöld. Læknir hans segir

að maðurinn hafi verið heppinn að sleppa „bara“ með mar.

Söluþyrirkomulag flugelda er á þann veg að hægt er að kaupa mikið magn og misnota.

Björgunarsveitirnar okkar vinna mikið og gott starf sem ekki verður metið til fjár. Þúsundir sjálfboðaliða í 99 björgunarsveitum starfa á landinu. Starfsemina þarf að fjármagna á annan veg en verið hefur. Liggur beinast við að það verði gert með skattlagningu og frjálsum framlögum fyrirtækja og fólksins í landinu. Fjármögnun björgunarsveitanna er stórt verkefni og ekki mun það duga eitt og sér að selja kaffi og kleinur til fjáröflunar.

Flugeldanotkun eins og við Íslendingar höfum tamið okkur er hernaður gegn fólkinu og landinu. Þetta er óþolandi athæfi og á ekki að eiga sér stað. Stjórnvöld, sveitarstjórnir og stöndug fyrirtæki þurfa að taka í taumana með fjárfrahlögum og létta þannig þeirri



Flugeldanotkun eins og við Íslendingar höfum tamið okkur er hernaður gegn fólkinu og landinu. Þetta er óþolandi athæfi og á ekki að eiga sér stað. Stjórnvöld, sveitarstjórnir og stöndug fyrirtæki þurfa að taka í taumana með fjárfrahlögum og létta þannig þeirri flugeldaherkvi sem þjóðin er í.

flugeldaherkvi sem þjóðin er í. Umhverfisráðherra og heilbrigðisráðherra munu nú þegar íhuga viðbrögð. Verum góð við börnin okkar. Lofum þeim að anda léttar.

Með ósk um farsæld og heilbrigði á nýju ári.



**FLÍSAR
GOTT ÚRVAL**

**Allt að 40%
AFSLÁTTUR**

ÚTSALA

wineo



**DON
FLOORING**

Hágæða gólfefni

- Harðparket:** 8 mm verð áður frá 1.390 verð nú **973** kr. m²
 10 mm verð áður frá 2.480 verð nú **1.984** kr. m²
 12 mm verð áður frá 2.990 verð nú **1.718** kr. m²
- Víniparket:** 5 mm verð áður 4.490 verð nú **3.996** kr. m²
- Viðarparket:** 14 mm eik verð frá **1.931** kr. m²



**Frá kr.
950 pr.
m²**

Gildir meðan birgðir endast. Tilboð gildir til 20/1/2018

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
 Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Netgíró
Betri leið til að versla

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

KRÓNAN

**Krónan
mælir með!**



HEILSUMST
Í KRÖNNUNI

199 kr.
kg

Appelsínur, Spánn

299 kr.
kg

Sítrónur, Spánn



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 14. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EINFALT

Korteri
4



Gestus pastasósa 500 g

369 kr. stk.



Nautgripahakk

1189 kr. kg

Verð áður ~~1399~~ kr. kg



Gestus spaghetti

299 kr. pk.

Gerð'ana vegan

Veganistur.is
mæla með

Út með nautgripahakk
Inn með grænmetishakk



Hälsans grænmetishakk, 500 g

629 kr. pk.



Heilsuréttir grænmetisbollur/gulrótARBUFF

1099 kr. pk.

**Gott
verð!**



KRÓNAN

-35%

Nýtt!

Sjávar Porskur léttsaltaður,
Langa roð og beinlaus

799 kr.
kg

Verð áður ~~1299~~ kr. kg

Kjötkompaní Bolognaise, 1 kg, fyrir 4

1990 kr.
stk.

**Krónan
mælir með!**



Kjötkompaní tilbúnir réttir, 1 kg, fyrir 4

3990 kr.
stk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 14. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

KRÓNAN



Ódýrt



299 kr. pk.

Gestus Smoothie blanda. 450 g

199 kr. stk.
ef keypt eru 4 stk.



Alpro jurtamjólk, 1 lítri

269 kr. stk.



299 kr. pk.

Krónu Chia fræ, 500 g, 598 kr/kg



Möguleiki á bikarþrennu hjá Vesturbæjarstórveldinu



Enn og aftur komnir í úrslit KR bar sig urð af 1. deildarliði Breiðabliks, 90-71, í undanúrslitum Maltbikars karla í körfubolta í gær. KR-ingar eiga því möguleika á að vinna bikarmeistaratitilinn þriðja árið í röð. Ekkert lið hefur afrekað það síðan Njarðvík á 9. áratug síðustu aldar. KR-ingar leiddu allan tímann í leiknum í gær og slitu sig svo frá Blikum í 4. leikhliða. KR mætir Tindastól í úrslitaleiknum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Minni væntingar en oft áður

Væntingarnar til íslenska handboltalandsliðsins fyrir stórmót hafa oft verið meiri en nú. Stefán Árnason, þjálfari KA, segir algjört lyklatríði að Aron Pálmarsson verði með á EM og vörn Íslands verði sterk.

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta hefur leik á tíunda Evrópumótinu í röð á morgun. Þá mæta strákarnir okkar Svíum sem Íslendingurinn Kristján Andrésson þjálfar. Auk Svíþjóðar er Ísland í riðli með Króatíu og Serbíu. Þrjú efstu liðin komast í milliriðla.

Ísland rúllaði yfir Japan, 42-25, í fyrsta leiknum fyrir EM en tapaði svo tveimur leikjum gegn Evrópu-meisturum Þýskalands með samtals 16 mörkum. Þjóðverjar eru með gríðarlega sterkt lið sem þykir líklegt til afreka á EM. Þrátt fyrir það olli frammistaða Íslendinga í leikjunum tveimur vonbrigðum. Vörnin var slök í fyrri leiknum en í þeim seinni brást sóknin.

Stefán Árnason, þjálfari KA, segir að væntingastuðullinn fyrir EM í Króatíu sé ekkert rosalega há.

„Það eru ekki miklar væntingar til liðsins. En stundum hefur gengið vel í undirbúningsleikjunum en svo allt annað verið uppi á teningnum í mótinu sjálfu. Og svo öfugt,“ sagði Stefán en skemmst er að minnst þess að Ísland vann Þýskaland á útivelli í undirbúningsleiknum fyrir EM 2016. Íslendingar komust svo ekki upp úr sínum riðli á EM á meðan Þjóðverjar urðu Evrópu-meistarar.

„Það er erfitt verkefni fyrir höndum en það er alveg möguleiki að gera eitthvað. Ég held að fyrsti leikurinn gegn Svíum sé galopinn og okkar menn munu mæta gríðarlega vel stemmdir.“

Aron Pálmarsson lék ekki með Íslandi í seinni leiknum gegn Þýskalandi vegna meiðsla í baki. Ekki



Varnarleikur íslenska liðsins verður að vera sterkur á EM í Króatíu sem hefst á morgun. NORDICPHOTOS/GETTY

liggur ljóst fyrir hvort Aron verður með á EM en líkurnar á því þykja meiri en minni.

„Það breytir öllu að hann sé með. Það er einn dagur á milli leikja í riðlakeppninni og það hjálpar,“ sagði Stefán en án Arons er skotógnin fyrir utan hjá Íslandi ekki jafn mikil og þegar hans nýtur við.

„Þjóðverjarnir voru mjög aftarlega gegn okkur í seinni leiknum og stigu ekkert út. Skotógnin fyrir utan var ekki nægilega mikil. Án Arons verður þetta brekka en með hann getum við unnið alla, ef allt gengur upp.“

Síðan Geir Sveinsson tók við þjálfun íslenska landsliðsins fyrir tæpum tveimur árum hefur varnarleikur þess verið nokkuð sterkur. Það voru hins vegar miklar brotalamir í honum í leiknum gegn Þjóðverjum. „Það er algjört lyklatríði að við höfum vörn og markvörslu til að byggja á,“ sagði Stefán sem telur allar líkur á því að Ísland byrji í sinni hefðbundnu 6-0 vörn en geti breytt yfir í 5-1 vörnina, sem liðið hefur spilað með ágætum árangri að undanfögnu, ef þörf krefur.

Stefán telur að möguleikar Íslands

liggi í leikjunum gegn Svíþjóð og Serbíu.

„Króatarnir verða gífurlega erfíðir á heimavelli og ég held að það sé klárt að þeir fari í það minnsta í undanúrslit,“ sagði Stefán sem var hrifinn af sænska liðinu á HM í fyrra.

„Það eru ekkert rosalega margir þekktir leikmenn hjá þeim. Þeir eru vel spilandi og með sitt á hreinu. En ég held að það sé ekkert verra að mæta þeim í fyrsta leik. Það er mikil hvatning fyrir okkur og það er gaman að spila gegn Svíunum.“ **ingvithor@frettabladid.is**

Nýjast

Maltbikar karla, undanúrslit

KR - Breiðablik 90-71

KR: Kristófer Acox 18/11 fráköst, Jón Arnór Stefánsson 16, Sigurður Þorvaldsson 13, Darri Hilmarsson 12, Jalen Jenkins 9/9 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 7, Pavel Ermolinskij 5/12 fráköst/13 stoðs., Björn Kristjánsson 5, Zaccery Carter 3, Andrés Ísak Hlynsson 2.

Breiðablik: Jeremy Smith 29, Árni Elmar Hrafnsson 14, Snorri Vignisson 14/15 fráköst, Halldór Halldórsson 4, Sveinbjörn Jóhannesson 3, Erlendur Stefánsson 3, Leifur Steinn Arnason 2, Brynjar Karl Ævarsson 2.

Haukar - Tindastóll 75-85

Haukar: Paul Jones 20, Kári Jónsson 15, Hjálmar Stefánsson 8, Finnur Atli Magnússon 8/12 fráköst, Emil Barja 7, Arnór Bjarki Ívarsson 6, Kristján Leifur Sverrisson 6, Haukur Óskarsson 5.

Tindastóll: Sigtryggur Arnar Björnsson 35/11 fráköst, Brandon Garrett 17, Antonio Hester 9, Björgvin Rikharðsson 7, Helgi Freyr Margeirsson 6, Axel Kárason 6, Hannes Ingi Másson 3, Pétur Rúnar Birgisson 2/8 fráköst/8 stoðsendingar.

Úrslitaleikurinn fer fram klukkan 13:30 á laugardaginn.

MÆTA ÚRVALSLIÐI INDÓNESÍU

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætir úrvalslíði frá Indónesíu í vináttulandsleik í Yogyakarta í dag. Leikurinn hefst klukkan 11.30 að íslenskum tíma. Úrvalslíð Indónesíu var valið af

aðdáendum í kosningu á internetinu. Á sunnudaginn mætir Ísland svo landsliði Indónesíu í Djakarta. Margir óreyndir leikmenn eru í íslenska hópnum en aðeins þrír í honum hafa leikið 15 landsleiki eða fleiri. Sex nýliðar eru í íslenska hópnum, þ. á m. Andri Rúnar Bjarnason, markakóngur Pepsi-deildar karla 2017.

6

Nýliðar eru í íslenska landsliðshópnum sem mætir Indónesíu

SÖMU LIÐ OG Í FYRRA?

Það kemur í ljós í dag hvaða lið mætast í úrslitaleik Maltbikars kvenna í körfubolta. Í fyrri undanúrslitaleiknum mætast Skalla-grímur og Njarðvík og í þeim seinni bikarmeistarar Keflavíkur og Snæfell. Keflavíkur og Skalla-grímur mættust í úrslitaleiknum í fyrra og þá höfðu Keflavíkurkonur betur og unnu sinn fjórtánda bikarmeistaratitil. Hin þrjú liðin sem eru í undanúrslitunum í ár hafa aðeins unnið bikarinn samtals tvisvar sinnum. Njarðvík er nokkuð óvænt í undanúrslitum en liðið hefur ekki unnið leik í Domino's-deildinni í vetur. Liðið vann

hins vegar tvö lið úr Domino's-deildinni (Stjórnuna og Breiðablik) á leið sinni í Höllina. Úrslitaleikurinn fer fram klukkan 16.30 á laugardaginn.





FIMMTUDAGUR 11. JANÚAR 2018

Tíska



Anna Katrín Richter hefur fjölbreyttan fatastíl og finnst gaman að blanda saman fötum í ólíkum stíl. Þykkar hettupeysur og pelsar eru í mestu upphaldi. ➔6

Athyglissjúk glamúrglimmerskvísa

Hverju klæðist djasdíva sem er með hádegistónleika í bókasafni? Hún verður fin í tauinu og skartar örugglega lokkandi glamúr. Stína Ágústsdóttir lofar líklegast hárauðum kjól sem sker sig úr bókahillunum.



Stína Ágústsdóttir er forkunnarfögur og sannkölluð díva í þessum þokkafulla rauða kjól frá DVF sem hún hefur átt í fórum sínum í þó nokkur ár. MYND/EYÞÓR



ALLAR YFIRHAFNIR
50% AFSLÁTTUR!

Fallegt, fágæð og töff

comma,
SMÁRALIND

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Mér finnst mjög gaman að dressa mig upp fyrir tónleika og hafa leyfi til að berast of mikið á í klæðaburði. Maður er með ofsalega athyglissýki þegar maður vinnur við að standa á sviði og þá blundar í manni að sjokkera fólk. Þar hef ég átt mín móment," segir Stína og flissar af þokka.

Í uppveixinum var hún oftast en ekki í fótum af bræðrum sínum og átti marga strákavini.

„Allan tímann blundaði í mér glamúrglímmerksvísa sem blossaði upp þegar ég gat farið að kaupa mér fót sjálf. Ég hef mikinn áhuga á tisku því mér finnst hún vera leið til að tjá sig. Ég sogast að glamúr og glímmeri og stillinn er svolítið íburðarmikill. Mér er orðið alveg sama hvað fólk finnst um mig. Ég klæði mig eins og ég vil og tek tímabil þar sem ég er á útopnu. Stundum hef ég mætt á sviðið í tútúpils og netsokkabuxum, eða þá stuttbuxum, og klárt að ég er ekki með stílista á minum snærum. Því lít ég stundum út fyrir að hafa dottið inn í fataskápinn," segir Stína og hlær innan um glæsilega kjóla og búninga sem hún notar stundum fyrir söng og sprell.

Töfrar sveimhugans

Það var ekki Stína sem byrjaði að kalla sig Stínu.

„Það voru mamma og pabbi, og það er eiginlega enginn sem kallar mig Kristínu nema yfirvöld og læknar," segir Stína sem býr með eiginmanni og börnum í Stokkhólmi. „Í Svíþjóð er hversdagslegt

„Mér er orðið alveg sama hvað fólk finnst um mig. Ég klæði mig eins og ég vil og lít því stundum út fyrir að hafa dottið inn í fataskáp.

Stína Ágústsdóttir

að heita Stína, sem og í Montreal, þar sem við bjuggum áður, en öðru máli gegnir um Ágústsdóttir því stíla í röð er ekki sniðugt fyrir tungutak útlendinga.“

Stína lauk háskólaprófi í véla- og iðnaðarverkfræði en dreif sig í Söngskólann eftir útskrift.

„Þá fann ég að söngurinn var það sem ég vildi gera að ævistarfi. Upphaflega planið var að fara í praktískt nám og fá góða vinnu en sú vinna átti ekki við mig þegar á reynði. Söngurinn átti í mér sterk ítök, ég hafði alltaf verið í kórum, lærði á píanó, var í ballett og varð næstum því ballerína, og lenti í djúpri ástarsorg þegar ég ákvað að kveðja ballettinn," segir Stína sem síðar lauk þriggja ára háskólanámi í djasssöng í Montreal í Kanada.

„Djassinn virðist henta mér vel. Mér finnst svo heillandi við djassinn að þar skiptir aldur engu máli og í spuna djassins veit maður aldrei hvað gerist næst. Þegar maður er sveimhugi sem heldur illa fókus, eins og ég, er alltaf eitt-hvað nýtt að gerast í djassinum og þá gerast töfrar.“

Kreisí velliðan á bókasafninu

Stína verður með hádegistónleika í Borgarbókasafninu í Gerðu-



Stína er einkar þokkafull og glæsileg í þessum nýja og málmlita kjól frá Valerie. MYNDIR/EYÞÓR

bergi í hádeginu í dag, í Grófinni á morgun og í Spönginni á laugardag.

„Þar flyt ég vókalísur við valin sóló sem Duke Ellington, Miles Davis, Charlie Parker og fleiri flytjendur hljóðrituðu á sínum tíma. Vókalísur eru sóló þar sem ég hef samið íslenska og enska texta við þekkt sólóin. Ekki er vitað til að þetta hafi áður verið gert á Íslandi og því er hér um einstakan viðburð er að ræða," segir Stína, en henni til fulltingis verða Kjartan Valdemarsson á píanó, Leifur Gunnarsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur.

„Fila ekki allir söngdjass?" spyr Stína. „Hann er mjög næs, uppfullur af velliðan og góðum filing, og sumir textarnir eru beinlínis myndnir. Fólk hefur ekki áður heyrt þessi djasssóló í þessu formi en sum sólóin eru afar hröð og kalla á mörg orð á stuttum tíma, svo þetta verður svolítið kreisí og hressandi.“

Hægt er að nálgast nýjustu plötu Stínu, Jazz á íslensku, á Spotify og í verslunum. Hún var í fyrra tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokki jazz- og blústónlistar.

Tónleikarnir í Gerðubergi eru frá klukkan 12.15 til 13 í dag og á sama tíma í Borgarbókasafninu í Grófinni á morgun. Á laugardag verða þeir í Spönginni frá klukkan 13.15 til 14. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



Svarti kjóllinn frá BACK er í dálæti hjá Stínu enda einstaklega þægilegur.

ÚTSALA!
- Allt að 70% afsláttur -

SIGURBOGINN.IS
NETVERSLUN

SIGURBOGINN
SNIYRTI- OG TÍSKUVERSLUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

STÓRÚTSALA



Meiri verðlækkun!

40-60%

afsláttur

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



RISA ÚTSALA

PARKET, FLÍSAM, HURÐIR

40-70%
AFSLÁTTUR

Birgisson[®]

ÚTSALA



Tískan

Skipti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Færi aldrei í háhælaða strigaskó

Anna Katrín Richter hefur fjölbreyttan fatastil og finnst gaman að blanda saman fötum í ólíkum stíl. Þykkar hettupeysur og pelsar eru í mestu uppáhaldi.

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Mér finnst skemmtilegt að blanda saman ólíkum stílum og klæðist stundum finum pels við mjög grófa skó. Ég er mikið í svörtum fatnaði en reyni þó að brjóta hann upp með einhverjum lit, svo sem grænum pels eða töff stuttermabol í lit," segir Anna Katrín Richter þegar hún er spurð út í hvernig fatastill hennar sé.

„Ég spái stundum í tiskustrauma og á það til að fylgjast með hönnuðum og ákveðnum fatamerkjum á Instagram. Síðan kiki ég af og til á hún og þessi tiskublogg," segir Anna, sem vinnur við umönnun og kann því vel. Hún starfar einnig sem fyrirsæta fyrir Eskimo Models. „En aðaláhugamálið mitt er að semja lög, syngja og spila á gítar," greinir hún frá.

Strigaskór með hæl á bannlistanum

Fötin sín kaupir Anna aðallega í verslunum á borð við Galleri Sautján, Zara og H&M. „Síðan er ég nýlega farin að kaupa fót á ASOS, sem er verslun á netinu og ótrúlega sniðug síða. Svo finnst mér alltaf gaman að fara í „vintage“ búðir og finna gullmola sem eru sjaldgæfir," segir hún brosandí.

Þegar Anna er spurð hvaða fót séu í mestu uppáhaldi kemur í ljós að hún er mjög hrifin af hettupeysum og pelsum. En hvernig fötum myndi hún aldrei ganga í? „Það sem ég tel vera algjört „fashion faux pas“ eru strigaskór með háum hæl," segir hún og brosir.

Uppáhaldshönnuðir Önnu eru Cristobal Balenciaga og Alexander Wang en Kate Moss og Olsen-tvíeykið eru hennar helstu tiskufyrirmyndir.

Heyrðist í efninu um allan bæ

Anna þarf ekki að hugsa sig lengi um þegar hún er innt eftir því hvað séu bestu og verstu fatakaupin. „Ég verð að segja að bestu kaupin séu Bonnie boots frá UNIF, verstu kaupin eru vínul-buxur frá ASOS. Ég gat hreinlega ekki gengið í þeim án þess að allur bærinn heyrði í efninu smella saman. Hins vegar gæti ég ekki verið án græna pelsins sem ég keypti í Galleri Sautján," segir Anna að lokum.



Anna Katrín poppar svartan fatnað upp með litríkum bolum eða yfirhöfnum.



Anna Katrín heldur mikið upp á græna pelsinn sem hún fékk í Galleri Sautján. MYNDIR/VILHELM



Úlpuna keypti Anna Katrín á ASOS-síðunni sem hún segir mjög sniðuga.



Kate Moss og Olsen-tvíeykið eru helstu tiskufyrirmyndir Önnu Katrínar.

Útsala

40%

TIL

70%

AFSLÁTTUR

INDISKA

KRINGLUNNI | 588 2300

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



S A F T



TILKYNNNA ÓVIÐEIGANDI
EÐA ÓLÖGLEGHT EFNI
Á NETINU

Fögnuðum saman



FIMMTUDAGUR 11. JANÚAR 2018



Mynd/Eyþór

Þjóð á meðal þjóða

Heil öld er liðin síðan íslenska þjóðin varð fullvalda. Svo mikilvægum aldarafmælum ber að fagna og munu hátíðarhöldin standa yfir í heilt ár og heilla jafnt unga sem aldna hér heima og utan landsteinanna.

Í þessu blaði er dagskrá fyrri hluta afmælisársins kynnt.

Fögnuðum saman 100 ára fullveldi eru einkunnarorð afmælisársins. Við vonum að sem flestir njóti afmælisársins á einhvern hátt og eftir sitji góðar minningar og aukin vitund um þetta mikilvæga tímabil í sögu þjóðarinnar," segir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri vegna undirbúnings hátíðarhalda í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Nýársdagur markaði upphaf afmælisársins sem fer vel af stað.

„Þá var frumsýnd stutt mynd um fullveldið þar sem farið er í stuttu máli yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda ríki árið 1918," segir Ragnheiður Jóna, en myndin er aðgengileg á heimasíðu afmælisársins: fullveldi1918.is.

„Við litum til baka og skoðum söguna, sem markast af sjálfstæðisbaráttu og framförum, í gegnum verkefni á dagskrá afmælisársins. Við sjáum hvar við stöðum og sjáum hvar við stöndum í dag. Við fögnuðum framförum og litum til framtíðar. Íslendingar eru þjóð á meðal þjóða og það kemur glöggft fram í fjölmörgum verkefnum á dagskrá afmælisársins sem draga fram sérstöðu okkar sem þjóðar, menningu okkar og sögu, sem er ólík öðrum þjóðum.“

100 ára raddir

Ríkisútvarpið kemur með öflugum hætti að afmælisárinu.

„Fram í júní verða dagleg innslög klukkan tólf á hádegi þar sem hægt verður að heyra raddir Reyk-

Framhald á síðu 2 ➔

Framhald af forsiðu →

víkinga frá árinu 1918. Í 50 þátta röð, sem verður vikulega á dagskrá, verður fjallað um menningarsögu, stjórnmálasögu og hversdagssögu fullveldisins, og auk þess verður fjallað um fréttamál og huldufólk fullveldissögunnar,“ upplýsir Ragnheiður Jóna. Þá kemur sjónvarpið einnig vel að afmælinu með beinum útsendingum frá viðburðum og í haust verður tíu þátta röð um fullveldisöldina sem unnin er af Saga Film.

„Okkar stærstu þjóðmenningarstofnanir verða með metnaðarfulla viðburði og sýningar í tilefni afmælisársins og fjölmargar stofnanir, félagasamtök og einstaklingar setja mark sitt á afmælisárið af miklum metnaði. Allt mun það móta áhugaverða dagskrá um land allt,“ segir Ragnheiður Jóna, full tilhlökkunar og í háttíðarskapi.

„Ofantalin eru verkefni sem komin eru á dagskrá fyrri hluta afmælisársins. Þau eru fjölbreytt, ættu að höfða til breiðs hóps og



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir. MYND/EYÞÓR

hvetja til þátttöku almennings. Víða erlendis er áhugi fyrir afmælinu og leggur utanríkisþjónustan sérstaka áherslu á viðburði í Danmörku og Þýskalandi en auk þess verða viðburðir í fleiri löndum.“

Leitað hefur verið til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga um sam-

starf og þátttökuverkefni.

„Hægt verður að bæta við samstarfsaðilum og þátttökuverkefnum á dagskrána allt árið og hægt að finna skráningarform á vefsíðu afmælisársins eða með því að hafa samband við skrifstofu afmælisársins,“ segir Ragnheiður Jóna.

Börn semja og flytja með listafólki

Fjórðubekkingar í Reykjavík segja frá því sem skiptir þau mestu máli í lagi sem þau skapa í samstarfi við listafólk og verður flutt á opunarviðburði Barnamenningarhátiðar.

Barnamenningarhátið er hátið sem fer fram í Reykjavík dagana 17. til 22. apríl að þessu sinni. Hugmyndin á bak við hátiðina er að sýna barnamenningu virðingu og gera henni hátt undir höfði. Í ár verður dagskrá Barnamenningarhátiðar tileinkuð 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

„Í tengslum við hátiðina verða haldnir fjölbreyttir ókeypis viðburðir um alla borg,“ segir Harpa Rut Hilmarisdóttir, verkefnastjóri barnamenningar hjá Reykjavíkurborg. „Þetta er þátttökuhátið, þannig að þeir sem verða með viðburði á hátiðinni eru hvattir til að fagna fullveldisafmælinu. Opunarviðburðurinn sjálfur fer fram í Hörpu og verður sýndur í beinni útsendingu á vef RÚV, svo börn alls staðar á landinu fái að njóta hans.

Við fengum styrk fyrir verkefni sem heitir „Rímur og rapp; Lög unga fólksins í 100 ár,“ segir Harpa. „Þetta er verkefni sem verður unnið með öllum fjórðubekkingum í Reykjavík, en þeim árgangi er alltaf boðið á opunarviðburði Barnamenningarhátiðar í Hörpu.

Við ætlum að senda listafólk í heimsókn til allra fjórðu bekkja í febrúar og mars og þau ætla að kynna fyrir krökkunum hvernig fólk hefur notað söngtexta í tímans




Harpa Rut Hilmarisdóttir, verkefnastjóri barnamenningar, og Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri viðburða. MYND/EYÞÓR

rás til að fjalla um það sem þeim finnst skipta máli hverju sinni,“ segir Harpa. „Krákkarnir verða kynntir fyrir rímum og hvernig menn og konur notuðu skáldskap til að koma skoðunum sínum á framfæri, m.a. til að vinna að því að Ísland yrði sjálfstætt ríki.

Rappari verður svo fenginn til að vinna með krökkunum að því að semja rapplag sem fellar um Ísland og leiðina til fullveldis og sjálfstæðis en visar um leið í upp-

lifun barnanna af því að vera 10 ára í Reykjavík í dag,“ segir Harpa. „Skáldið og rapparinn setja síðan saman rapptexta með rimnaívaði og svo verður samið lag við textann sem visar í tónlist síðustu 100 ára.

Lagið og textinn verða svo send í skólana, þannig að börnin geti lært það og fundið sínar hugmyndir í textanum áður þau flytja lagið með listafólkinu á opunarviðburðinum,“ segir Harpa.

Dagskrá afmælisársins er að finna á www.fullveldi1918.is

9. feb - 15. apríl

HJARTASTAÐUR

Þingvallamyndir úr safni Sverris Kristinssonar

Sýning á Þingvallamyndum úr einkasafni Sverris Kristinssonar verður opnuð í sýningarsal Listasafns Reykjanesháttar í Duus safnahúsum, menningar- og listamiðstöð Reykjanesháttar, föstudaginn 9. febrúar kl. 18.00. Í

tilefni 100 ára afmælis fullveldis á Íslandi veltum við fyrir okkur gildi þessa helgasta staðar Íslendinga fyrir þjóðarvitundina og þá um leið áhrifum Þingvalla á myndlist þjóðarinnar.

Tak í lige máde: dönsk samtímalist

Myndlistarmenn frá Danmörku sýna ný verk sem tengjast hugmyndum um frelsi, sjálfsmynd, landamæri, fólksflutninga og nýlenduhyggiu í Listasafni Reykjavíkur. Nú þegar Íslendingar minnst þess að það varð á sínum tíma frjálst undan stjórn Danmerkur býðst sérstakt tækifæri til þess að gefa þessum krefjandi málefnum gaum. Hvað er frelsi, fullveldi, sjálfstæði og sjálfsmynd? Hvernig ávinnur einstaklingur eða samfélag sér þessa



23. feb.-21. maí

hluti? Hverjar eru áskoranir okkar þegar kemur að þeim í dag? Hvaða leiðir hefur myndlist til að takast á við þessi málefni? Meðal sýnenda eru Jesper Just, Tinne Zenner og Jeannette Ehlers.

Fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð

Háskólinn á Akureyri (hug- og félagsvísindasvið) og Minjasafnið á Akureyri boða til málstofu í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands í samvinnu við Jakob Þór Kristjánsson og Skafta Ingimarsson. Fjallað verður um fullveldishugtakið á breiðum grunni, þar sem fram koma ólík viðhorf fræðimanna til fullveldisins í fortíð, nútíð og framtíð. Málstofunni er ætlað að minnst aldarafmælis



16. mars

sjálfstæðis og fullveldis Íslands og vera vettvangur fyrir umræðu um mikilvægi fullveldisins í fortíð, nútíð og framtíð. Fjallað verður um fullveldið frá sjónarhóli sagnfræði, lögfræði og stjórnmálafræði. Málstofan verður opin almennig.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Sumarsýning Listasafns Svavars Guðnasonar verður samtal milli Svavars Guðnasonar og Áslaugar Írisar Katrínar Friðjónsdóttur. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að vinna með abstraktlist en þó hvor á sinni öldinni. Salurinn breytist í flöt þar sem verk þeirra mynda lifandi samtal sem ferðast um rýmið.



18. maí-14. sept.

Þjóðin mótar dagskrána

Við skulum fagna þeim framförum sem orðið hafa frá fullveldisheimt. Við skulum einsetja okkur að verja og bæta í sífellu það þjóðfélag jafnra tækifæra og réttinda sem fólkið í landinu vill eiga saman. Við skulum stefna að því að gera enn betur. Og við skulum nýta þá viðburði, sem eru í vændum, til að minnst hinna miklu tímamóta sem urðu í landinu okkar á fullveldisdaginn 1918.“

Með þessum orðum lýkur Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpi sínu á heimasíðu afmælis-

nefndar um aldarafmæli fullveldis þjóðarinnar. Þau undirstrika að 1. desember árið 1918 markaði þáttaskil og fullveldið var vitaskuld mikilvægasta varðan á leið okkar til fulls sjálfstæðis þjóðarinnar.

En hvernig skal þess minnst? Alþingi markaði um það skýra stefnu. Hátiðarfundur Alþingis verður á Þingvöllum 18. júlí á næsta ári og hátiðarhöld þann 1. desember, svo nefndir séu hápunktir afmælisársins. Jafnframt var þingkjörinni afmælisnefnd falin ýmis vidurhlutamikil verkefni. Það var einróma niður-

staða okkar í nefndinni að leita til þjóðarinnar og vildum við með því fela henni dagskrárvaldið um mótun afmælisdagskrár sem staðið gæti allt afmælisárið.

Við hvöttum til samstarfs um verkefni, vildum höfða til ungs fólks og barna og hvetja til fjölbreytni og virkrar þátttöku alls almennings. Þá var markmið okkar að draga fram áhugaverða samlíkingu á milli fortíðar og nútíðar á sem flestum sviðum og við lögðum áherslu á nýstárlega nálgun viðfangsefnisins og verkefni sem væru til þess fallin

ad vekja athygli á sérstöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Markmiðið var þannig að kalla fram margvísleg verkefni frá fjölbættum lista- og menningargreinum, vísinda- og skólasamfélagi og alveg sérstaklega að laða almenning vött og breitt um landið til virkrar þátttöku í afmælisárinu.

Og nú liggur niðurstaðan fyrir. Óhætt er að segja að þjóðin hafi brugðist vel við þeirri herhvöt okkar að móta fjölbreytta dagskrá afmælisársins og gert það með miklum sóma. Um 100 verkefni fengu fjárhagslegan stuðning;

margbreytileg viðfangsefni, sem spanna flestar menningar-, list- og fræðigreinar og dreifast um land allt, eins og að var stefnt. Þjóðin mun því með sanni móta dagskrá aldarafmælis fullveldisins.



Einar K. Guðfinnsson

Söguleg stund

Annar hluti Eddu eftir Jón Leifs verður frumfluttur í mars. Verkið er eitt metnaðarfyllsta verk íslenskrar tónlistarsögu.

Í tilefni 100 ára afmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands mun Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja annan hluta óratóriunnar Eddu eftir Jón Leifs í Hörpu 23. mars. Verkið er stærsta verk Jóns Leifs og um leið eitt metnaðarfyllsta tónverk íslenskrar tónlistarsögu. Fyrsti hluti verksins, Edda I: Sköpun heimsins, var frumfluttur í heild árið 2006 og útgáfa verksins á geisladiski vakti heimsathygli og fékk frábæra dóma að sögn Árna Heimis Ingólfssonar, tónlistarfræðings og listræns ráðgjafa Sinfóníuhljómsveitarinnar. „Nú er komið að því að frumflytja annan hluta verksins, Edda II: Líf guðanna, sem segir frá Ódni og sonum hans, ásynjum, valkyrjum og normum á litríkan og dramatískan hátt. Þessi hluti hefur aldrei verið fluttur áður, hvorki hér á landi né erlendis, og er því svo sannarlega um stórvíðburð að ræða í íslensku tónlistarlífi.“

Rúmlega hálf öld er liðin síðan Jón samdi verkið sem er að sögn Árna Heimis risavaxin tónsmíð sem spannar þrjú kvöld. „Verkið er byggt á textum úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu og átti að vera eins konar andsvar við Niflungahring Wagners. Smíði þess tók stóran hluta ævistarfs Jóns því hann hóf að leggja drög að Eddu I um 1930 en náði ekki að ljúka þriðju óratóriunni áður en hann lést árið 1968.“

Hann segir eitthvað heillandi við stórhuginn sem birtist í þessu einstaka verki. „Jón hóf að semja verkið löngu áður en Ísland átti



Árni Heimir Ingólfsson ásamt Ingibjörgu Steinunni Sværdóttur landsbókaverði. Í tengslum við tónleikana mun Þjóðarborghlaðan standa fyrir sýningu á handriti Jóns og bréfum og myndum úr safni hans. MYND/VILHELM

sinfóníuhljómsveit. Kröfurnar til flytjenda eru líka ógurlegar og það er ekki sjálfgefið að nokkur kór treysti sér í það mikla verkefni að flytja þessa tónlist. Reyndar var Jón Leifs í mörgum sínum hugmyndum langt á undan sinni samtíð, eins og sést einmitt með Eddu II, því hann lauk við verkið árið 1966, fyrir 52 árum.“

Kannski má segja að tími Jóns sé loksins kominn bætir Árni Heimir við að lokum. „Tónlist hans er sífellt oftar flutt erlendis, til dæmis hlaut orgelkonsert hans frábærar mót-

tökur á íslenski tónlistarhátíð í Los Angeles í fyrra, og ævisaga hans er væntanleg í enskri þýðingu á næsta ári.“

Hljómsveitarstjóri er Hermann Bäumer og flytjendur eru einsöngvararnir Hanna Dóra Sturludóttir, Elmar Gilbertsson og Kristinn Sigmundsson og kammerkórinn Schola cantorum. Kórstjóri er Hörður Áskelsson.

Nánari upplýsingar á www.sinfonia.is.

Prjónað af gleði

Textilsetrið á Blönduósi stendur fyrir Prjónagleði helgina 8.-10. júní þar sem þemað verður 100 ára fullveldi Íslands.

Fátt er þjóðlegra en að prjóna og því datt okkur í hug að tengja Prjónagleðina í ár við 100 ára fullveldi Íslands. Aðalmarkmiðið með Prjónagleði er að leiða saman áhugafólk, fagfólk og alla þá sem vilja læra meira og deila af reynslu sinni og sögum í sambandi við prjón,“ segir Jóhanna Erla Pálmadóttir, framkvæmdastjóri Textilseturs Íslands.

Fjölbreytt dagskrá

Prjónagleðin er árlegur viðburður sem fer fram aðra helgina í júní en laugardagurinn er alþjóðlegur dagur prjónafólks. „Dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg, boðið verður upp á fjölda námskeiða og fyrirlestra sem tengjast prjóni á einhvern hátt. Einnig verður prjónavara til sýnis og sölu,“ segir Jóhanna.

Stefnt er að því að nemendur grunnskólanna þriggja í héraðinu komi að verkefni og prjóni stykki sem tengist 100 ára fullveldi Íslands þar sem leikið verði með liti og áferð. Það yrði einnig til sýnis á Prjónagleðinni.

Spennandi prjónasamkeppni

Þá er fyrirhugað að halda samkeppni sem felst í að hanna og prjóna peysu þar sem 100 ára fullveldið er þemað. „Allir geta tekið þátt og er um að gera að nota hugmyndaflugid við prjónaskapinn. Vegleg verðlaun verða í boði og peysurnar sem berast í samkeppni verða til sýnis. Prjónasamkeppninni



Prjónagleðin leyndi sér ekki á síðustu hátíð.

verður hrint af stað um næstu mánaðamót,“ upplýsir Jóhanna brosandí og hvetur áhugasama til að taka fram prjónana sem fyrst.

Alþjóðleg prjónahátíð

„Prjónagleðin er alþjóðleg prjónahátíð en við erum í samstarfi við prjónahátíðir sem haldnar eru árlega á Fanø í Danmörku og Orkanger í Noregi. Í ár fáum við erlenda kennara frá Hjaltlandseyjum og Danmörku og verður áhugavert að sjá hvað þeir verða með á prjónunum. Auk námskeiða á íslensku verður boðið upp á námskeið á ensku fyrir erlenda gesti, enda er mikill áhugi á íslensku prjóni,“ segir Jóhanna.

Færanlegt textilhótel

Stórt prjónaverkefni er í vöndum hjá Textilsetrinu í samvinnu við

Þekkingarsetrið á Blönduósi, Strikkfestival á Fanø í Danmörku og Orkanger í Noregi. „Við fengum veglegan styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Hann á að nota til að rannsaka hvort hægt sé að hanna flytjanlegt textilhótel. Það yrði flutt á milli prjónahátíða til að uppfylla þörf fyrir gistiþláss. Þrír arkitektar frá arkitektastofunni Nörrön, sem er margverðlaunuð stofa, hafa verið ráðnir til verksins og þeir hafa þegar hafist handa. Þeir sjá m.a. í alvörunni fyrir sér að hótelið verði byggt úr prjónuðum veggjum,“ segir Jóhanna og er bjartsýn á að hugmyndin verði að veruleika.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.prjonagleði.is og www.textilsetur.com



Henderson á Íslandi í 100 ár

Árið 1918 flutti Ingólfur Espólin kaupmaður á Akureyri inn mótörhjól af gerðinni Henderson. Grímur Jónsson gerði hjólið upp og sá það gangsett árið 2012. Hjólið hefur verið á Mótörhjólasafninu á Akureyri frá árinu 2014 og er höfuðdjás þess, enda elsta mótörhjól landsins.

Afkomendum Grims, eigendum hjólsins og safninu, kom strax saman um að gangsetja hjólið á

100 ára afmæli þess, árið 2018. 15. maí er opnunardagur safnsins og verður blásið til opunarhátíðar m.a með svokölluðum „Start up day“ þar sem eldri hjól eru gangsett og ekið um svæðið. Í tengslum við aksturinn verður haldinn fyrirlestur um sögu mótörhjólsins á Íslandi sem nær aftur til 1905.

Markmið verkefnisins er að kynna sögu og hlutverk mótörhjólsins í samgöngusögu landsins.

Fullveldið með augum barna

Nemendur Valsárskóla á Svalbarðseyri sýna verk í Safnasafninu á Svalbarðsströnd og flytja gjörning. Hvort tveggja verður byggt á sýn þeirra á 100 ára afmæli Fullveldis Íslands.

Sérstök leiðsögn verður um sýninguna þannig að gestir safnsins fái nánari og fyllri innsýn í hugmyndir og ímyndunarafl barnanna.



Menningarhúsin í Kópavogi

Listsmíðja þar sem ferðalög listamannsins Gerðar Helgadóttur verða uppspretta vangaveltna um hvað hún hafi lært á því að flytja á milli landa og hvernig list hennar endurspeglar þessa reynslu. Aðfluttar fjölskyldur og fjölskyldur sem tala annað tungumál en íslensku heima eru sérstaklega boðnar velkomnar á smíðjuna sem er liður í dagskrá í tengslum við fullveldisafmæli Íslands.

Þá verða fjórar fjölskyldustundir á árinu sérstaklega miðaðar við þarfir þeirra sem hafa annað tungumál en íslensku sem móðurmál. Unnið verður með teikningu sem tæki til að tjá og túlka myndlist en markmið verkefnisins er að bjóða nýjum Íslendingum að taka þátt í fræðslustarfi og listsköpun í Gerðarsafni.

Fjölbreytt dagskrá verður í menningarhúsunum í Kópavogi allt afmælisárið.



Samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar

Forsætisráðuneytið hefur hafið undirbúning að samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulags Stjórnarráðsreits í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Framkvæmdasýslu ríkisins. Verkefnið felur annars vegar í sér stefnumörkun varðandi uppbyggingu á Stjórnarráðsreit í samráði við Reykjavíkurborg og í framhaldi

af því samkeppni um skipulag reitsins, og hins vegar samkeppni um viðbyggingu austan við gamla Stjórnarráðshúsið fyrir forsætisráðuneytið. Stefnt er að því að auglýsa samkeppnirnar í febrúar næstkomandi og að dómnefndir ljúki störfum í nóvember 2018. Niðurstöður og tillögur beggja samkeppna verða kynntar 1. desember 2018.

Ísland og ástin til landsins

Nemendur Tónlistarskóla Borgarfjarðar túlka ættjarðarljóð í tónum í vor, í tilefni 100 ára fullveldis. Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar, segir ljóðin eiga erindi til unga fólksins.

Grundvöllur fyrir nánast allri listsköpun er texti. Héraðið okkar er ríkt af bókmenntarafi, hér voru bæði þekkt skáld eins og Guðmundur Bøðvarsson og Halldóra B. Björnsson en einnig minna þekkt skáld sem sömdu afar góða texta. Fyrir nokkrum árum leituðum við til Tónlistarskóla Borgarfjarðar eftir samstarfi um listsköpun ungs fólks á grundvelli borgfirskrar bókmenningar og svo eru árlega tónleikar með afrakstrinum,“ útskýrir Guðrún. Nemendur skólans munu túlka sérvalin ljóð við eigin tónsmíðar og flytja á tónleikum á sumardaginn fyrsta næstkomandi. Í ár, á hundrað ára afmælisári fullveldis Íslands, er þemað „Ísland og ástin til landsins“.

„Við höfum valið tuttugu og sjö kvæði, eftir 22 höfundum, 9 konur og 13 karla. Elsti höfundurinn er Júlíana Jónsdóttir, fædd 1838, og yngstur er Ívar Björnsson, fæddur 1929. Vinnuferlið er þannig að krakkarnir kynna sér ljóðin og höfundana, hvað þeir sömdu og hvernig. Þegar þau lesa ljóðin finna þau blæbrigði og takt í textanum; hvar er gleði og hvar harmur og tregi. Svo semja þau verkin undir handleiðslu kennara sinna, útsetja þau og flytja sjálf. Tónleikarnir



verða opnir almenningi og allir velkomnir,“ segir Guðrún.

„Það er vart hægt að lýsa með orðum áhrifunum af því þegar ung manneskja kemur með ferskan huga og ómótaðan að kvæði sem var skrifað fyrir margt löngu, vinnur með það og setur í tóna. Um leið velta nemendur líka fyrir sér, hvað þetta hugtak sjálfstæði

þýðir og hvert er mikilvægi þessa viðburðar 1. desember 1918. Þetta á erindi við ungt fólk í dag og íslensk bókmenning á reyndar alltaf erindi við alla.“

Ljóðaheftið mun liggja frammi í Safnahúsinu og tónleikarnir verða í Safnahúsi kl. 15.00 þann 19. apríl.

Svara spurningum um árið 1918

Vísindavefurinn fjallar um hvers konar vísindi og hefur verið í uppbyggingu frá árinu 2000. Á þessu ári var stofnaður sérstakur flokkur í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands. Flokkurinn ber heitið „1918“.

Jón Gunnar Þorsteinsson, bókmenntafræðingur og ritstjóri Vísindavefsins, segir að sérstök áhersla verði lögð á að svara spurningum um allt sem tengist á einhvern hátt vísindum og árinu 1918, hvort sem er hér á landi eða erlendis. „Inn í þennan flokk getur hver sem er sent inn spurningar sem vísinda- og fræðimenn við Háskóla Íslands og víðar munu síðan svara. Við hvetjum sérstaklega áhugasama nemendur og kennara í grunn- og framhaldsskólum til að kynna sér þetta verkefni en þeir geta sent okkur inn spurningar sameiginlega. Einnig hvetjum við allan almenning til að senda inn spurningar af þessu tilefni,“ segir Jón Gunnar.

Hann segir að áður hafi t.d. verið spurt um frostaveturinn mikla og spænsku veikina. „Nú viljum við einbeita okkur að vísindunum. Er til dæmis eitthvað í samtímanum



Jón Gunnar er ritstjóri Vísindavefsins en þangað leita margir eftir svörum.

sem stofnun fullveldis 1918 hefur haft áhrif á? Einnig má spyrja um ótengda atburði eins og hver fékk Nóbelsverðlaun í eðlisfræði þetta ár og fyrir hvað. Árið 1918 var fyrri heimsstyrjöldinni að ljúka og ýmislegt sem tengdist vísindum var notað í stríðinu eins og sinnspægas. Hvað var fólk að hugsa um á þessum tíma eða gera?“ spyr Jón Gunnar og bendir á að ungt fólk

hafi verið mjög duglegt að senda Vísindavefnum spurningar frá því hann var stofnaður.

„Við reynum að svara öllum spurningum sem berast þótt sumir þurfi kannski að bíða lengur en aðrir eftir svari. Spurningarnar geta verið flóknar. Við fengum styrk til að vinna að þessu verkefni og getum einbeitt okkur að því. Markmiðið er að fjalla almennt um það sem átti sér stað árið 1918 og um leið að vekja áhuga fólks á vísindum og fræðum almennt,“ segir hann.

„Þá höfum við verið í góðu samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og ætlum að veita svör er tengjast handritum og handritamenningu á afmælisárinu. Stofnunin verður með handritasýningu á árinu. Ég vona að við getum vakið áhuga fólks á árinu 1918 og veitt um leið fróðleik og jafnvel sýnt öðruvísi mynd en við höfðum áður af þessu ári.“

Kammerkór Norðurlands

Kammerkór Norðurlands flytur nýja og nýlega íslenska tónlist sem að stærstum hluta hefur verið samin eða útsett fyrir kórinn og gefin var út á geisladiskinum Ljúflingsmál. Þar á meðal tvö lög við verðlaunaljód sem ort voru í tilefni af lýðveldis-

hátíðinni 1944, „Hver á sér fegra föðurland“ og „Land míns föður“, hið þriðja er „Ísland ögrum skorið“. Tónleikarnir fara fram á Húsavík þann 24. febrúar og á Akranesi 25. febrúar.

24. og 25. febrúar

28. apríl - 19. ágúst



Frá fullveldi til framtíðar

Ráðstefna um áhrif skólahalds á Hólum, Frá fullveldi til framtíðar, verður haldin að Hólum í Hjaltadal í tilefni 100 ára fullveldis. Erindi á ráðstefnunni munu varpa ljósi á áhrif Hólamanna á umhverfi sitt með

hliðsjón af sjálfstæði, byggðapróun, menntunarsigli og tækni-framförum. Þetta verður reifað í málstofum með yfirskriftinni: sjálfstæði, byggðapróun, menntun og tækni-framfarir. Ráðstefnan verður öllum opin.

22. apríl



Sögur – verðlaunahátíð barnanna

Sögur – verðlaunahátíð barnanna verður haldin í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 22. apríl. Sýnt verður frá hátíðinni í beinni útsendingu á RÚV og hefst útsendingin kl. 20.00. Á hátíðinni verðlaunum við alls

konar sögur fyrir og eftir krakka. Bókaverðlaun barnanna verða veitt og við fáum að heyra og sjá hvað krökkum fannst standa upp úr á barnamenningarárinu 2017, t.d. rappari ársins, leiksýning ársins og lag ársins.

Fullveldið endurskoðað

Listasafn Akureyrar stendur að sýningu 10 ólíkra myndlistarmanna á verkum sem gerð eru sérstaklega í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Útisýning sem sett verður upp á völdum stöðum í miðbæ Akureyrar. Markmiðið

er að sýna nýja hlið á stöðu fullveldis Íslands á okkar tímum og fá áhorfendur til að velja fyrir sér hugmyndum, útfærslum og fjölbreyttum sjónarhornum tengdum fullveldinu.

28. apríl - 19. ágúst

20. maí



Á kafi í fullveldi – viðburður í Sundlaug Akureyrar

Á fullveldisvorhátíðinni í Sundlaug Akureyrar verður boðið upp á fjölmarga ólíka viðburði sem allir hafa það að

markmiði að bregða fjölbreyttu ljósi á hugtakið fullveldi og þannig að þeir höfði til breiðs aldursþóps.

Verksmiðjustúlkan Jana í Höfða


Sýningin Verksmiðjustúlkan Jana í Höfða eða Júlíana Andrésdóttir eins og hún hét réttu nafni fer fram í Iðnaðarsafninu á Akureyri. Jana í Höfða er sögumaður eða samnefnari fyrir líf og störf þeirra er unnu á vélunum eins og

það var kallað frá upphafi vélvæðingar í ullaríðnaði á Gleráreyrunum árið 1897 og langt fram eftir síðustu öld. Sýningin er byggð að hluta til á viðtali sem tekið var við Jönu.

10. febrúar - 8. desember

ÚTSALA!

20 - 50% AFSLÁTTUR AF SPORTVÖRUM!



ARMANI



CASALL®

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S: 520-1000 | SPORTIS.IS

Til meðferðar við augnþurrki

Augnþurrkur er algengur kvilli og getur komið fram með ólíkum hætti, til dæmis sem sviði, rauð og tárvt augu, óskýr sjón, næmi fyrir ljósi eða þreyta í augum. Ef augnþurrkur er ekki meðhöndlaður getur hann orðið verri og haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.“ segir Klara Sveinsdóttir, lyfjafræðingur hjá Icepharma.

Hyprosan er lausasölulyf og fæst í dropaglas án lyfseðils í apótekum og er ætlað til meðferðar við augnþurrki.

Hver ml inniheldur 3,2 mg af hypromellosa sem eykur seigju Hyprosan. Þetta leiðir til þess að lausnin helst lengur á auganu og veitir því raka í lengri tíma.

Meðferð með Hyprosan er einn dropi í hvort auga þrisvar á dag eða eftir þörfum. Hægt er að nota hvert dropaglas af Hyprosan í einn mánuð, þó að lyfið innihaldi ekki rotvarnarefni.

Án rotvarnarefna. Hægt að nota með augnlinsum.

Einkenni augnþurrks geta verið sviði, rauð og tárvt augu, óskýr sjón, næmi fyrir ljósi eða þreyta í augum.



Hyprosan augndropar innihalda hypromellosa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfnsins. Leitið til lækns eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar á www.serlyfjaskra.is. November 2017. SAN171101.

Útsalan er í fullum gangi
30-50% afsláttur
af öllum útsöluvörum

20% af ýmsum öðrum vörum

Netverslun á tiskuhus.is

My Style
 Stærðir 38-52
 Holtasmára 1
 201 Kópavogur
 (Hjartaverndarhúsið)
 Sími 571 5464

ÚTSALA
 30-60% AFSL

Selena

BLÁU HÚSIN V/FAXAFEN • SÍMI: 553 7355 • WWW.SELENA.IS

Stærsti fataframleiðandinn veðjar ekki á vélmenni

Crystal Group framleiðir meira af fötum en nokkurt annað fyrirtæki. Fyrirtækið býr til fót fyrir marga stærstu seljendur heims, eins og H&M, Gap og L Brands, sem á Victoria's Secret. Crystal Group stefnir ekki á að bæta við sjálfvirkum saumavélmennum á næstunni og veðjar á að vinnuaflið í Suðaustur-Asíu haldi áfram að vera ódýrara en sjálfvirkar saumavélar, þrátt fyrir að laun séu að hækka í Kína og umræðan um að sjálfvirkar vélar taki brátt við ýmiss konar handavinnu verði sífellt meira áberandi.

Þetta kom fram í viðtali við Andrew Lo, framkvæmdastjóra Crystal Group, sem birtist á vef Financial Times. Lo sagði að hátækni-saumavélmenni væru áhugaverð og gætu breytt því hvernig sum fyrirtæki framleiða fót, en í bili séu þau mun dýrari í rekstri en starfsfólk.

Fjölga starfsfólki verulega

Fyrirtækið stefnir að því að fjölga starfsfólki sínu í Bangladess og Vietnam um 10% á næstu árin. Miklið af fatnaði er framleitt í löndunum tveimur, en launin þar eru með þeim lægstu í Asíu.

Eins og er koma um tveir þriðju af sölutekjum Crystal Group af fatnaði sem er framleiddur í Bangladess, Vietnam, Kambódíu og Sri Lanka. Þessi lönd hafa laðað fataframleiðendur að sér nýlega eftir að framleiðslukostnaður jókst í Kína, en Kína er enn um sinn stærsti fataframleiðandi heims.

Vélmennin geta ekki tekið við

Margir fylgjast vandlega með hugsanlegum áhrifum sjálfvirkra vélmenna á fataiðnaðinn. Iðnaðurinn er lífsnauðsynlegt haldreipi fyrir milljónir litíð menntaðra verkamanna í Asíu og annars staðar, þó oft sé illa farið með starfsfólk og mörg starfanna séu hættuleg.



Stór hluti af fötum sem eru seld á Vesturlöndum er framleiddur í asískum fataverksmiðjum. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTYAV

Árið 2016 varaði Alþjóðavinnu-málastofnunin við því að á næstu áratugum gætu vélmenni tekið við meirihlutunum af störfum í vefnaðarvöruiðnaði, fataiðnaði og skóframleiðslu í löndunum Indónesíu, Vietnam og Kambódíu. Til að þetta starfsfólk geti fært sig yfir í önnur og betri störf þurfi því að bjóða því þjálfun sem fyrst.

En Crystal Group ætlar ekki að skipta starfsfólki út fyrir vélmenni. Að minnsta kosti ekki í bili. Ein ástæða fyrir því er að þótt vélmenni henti vel í ýmsum öðrum iðnaði, þar sem þau vinna með hörð efni eins og málum eða plast, eiga þau mjög erfitt með mjúk efni, eins og vefnaðarvöru. Þannig efni teygjast og aflagast þegar þau eru saumuð og það eiga vélmenni mjög erfitt með að ráða við.

Stöðug þróun

Nokkur fyrirtæki telja sig þó hafa fundið lausn á þeim vanda. Fyrir-

tekið Sewbo meðhöndlar efni á þann hátt að þau verða stíf svo hægt sé að sauma þau saman auðveldlega, en svo mjúkast þau ef þau eru skoluð með heitu vatni.

Annað fyrirtæki, SoftWear Automation, hannaði stóra sjálfvirkra saumavél sem sér þegar það þarf að laga efni til um leið og hún saumar og lagar það eftir þörfum. SoftWear segir að ein slík vél geti framleitt jafn marga stuttermaboli á klukkutíma eins og sautján manns. Forstjóri SoftWear viðurkennir þó að saumavélin sé ekki ódýrari en vinnuaflið í Bangladess. Vélin var líka hönnuð til nota í Bandaríkjunum, þar sem launin eru mun hærri og vélin gæti komið að meira gagni.

Þannig að í bili virðist vélmennabytting ekki á næsta leiti í fataframleiðslu og þó enginn viti hvað framtíðin ber í skauti sér stefnir í að fót verði áfram að mestu framleidd í Asíu, af mannfólki.



EINS OG FÆTUR TOGA

Risa Útsala

**Þökkum fyrir frábærar
móttökur á útsölnunni**

Höfum bætt við 500 pörum af götuskóm,
ræktarskóm, utanvega hlaupaskóm
og léttum gönguskóm.

Allir skór á kr. 14.000

Allir toppar á kr. 4.000

Fatnaður á 20-40% afslætti
(var á sama verði og í USA)

Opnunartími

Virkir dagar 10 - 18

Laugardagur 11 - 16



Brooks hefur verið kosið fjögur ár í röð hlaupamerki ársins í heiminum hjá IRRA (Independent Running Retailers Association).

Brooks er með 28% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í USA og 25% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í Evrópu..... þar sem hlaupararnir versla er þér óhætt.

Brooks hefur fengið flest verðlaun hjá Runners world 2015 - 2017. Allir core skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá RW. Runners World er lang stærsti óháði aðili sem metur hlaupaskó.

Brooks er á sama verði á Íslandi og í flestum löndum Evrópu og alltaf samkeppnisfærir í verðum á Íslandi.

Brooks skór eru framleiddir fyrir mismunandi fótlag og niðurstig.

Samkvæmt árlegri skókönnun hlaup.is fyrir árið 2012 hlupu 5% hlauparar Reykjavíkur maraþons í Brooks skóm, í sömu könnun 2016 hlupu 23% hlaupara í Brooks. Brooks er því orðið stærsta hlaupamerki í Reykjavíkur maraþoni.



Útsalan
í fullum gangi

40-50% afsláttur

Str. 36-56

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Útsalan er í fullum gangi

30-50% afsláttur
af öllum útsöluvörum

20% af ýmsum öðrum vörum

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Hjónin Kristín Edda og Oddur Helgi stofnuðu Reykjavík Heritage ásamt vínahjónum sínum. MYND/ARON BRINK

Galdrastafirnir sáðu fræjum

Hjónunum á bak við Reykjavík Heritage fannst vanta lífliga sokka frá íslenskum aðilum í verslanir. Þau hófu framleiðslu í fyrra og selja nú sokka sína víða um land.

Starrí Freyr
Jónsson
starri@365.is



Reykjavík Heritage var stofnað fyrir rúmlega ári og einblínir á hönnun og framleiðslu á litfögum og skemmtilegum sokkum sem seldir eru í sérverslunum hér á landi.

Það eru hjónin Kristín Edda Sigurðardóttir sjónfræðingur og Oddur Helgi Guðmundsson vefhönnuður sem standa á bak við fyrirtækið auk þeirra Sigþórs Hilmars Guðmundssonar, bróður Odds, og konu hans, Lindu Sverrisdóttur. Sigþór og Linda eru búsett erlendis og koma lítið að daglegum rekstri fyrirtækisins en öll fjögur deila þau miklum áhuga á sokkum.

Stærri markaður

